ÓKEYPIS EINTAK

MANNLÍF

13. TÖLUBLAÐ 39. ÁRGANGUR – FÖSTUDAGUR 7. OKTÓBER 2022

BAKSÝNISSPEGILLINN • MATGÆÐINGURINN • STÆKKUNARGLERIÐ • LÍFSREYNSLUSAGAN • SAKAMÁLIÐ • SAMFÉLAGIÐ



UPPGJÖR ERLU

„Á leiðinni á betri stað"

Erla Bolladóttir berst við krabbamein, en neitar að gefast upp

„Vaknaði við að maður sat á rúmstokknum"

„Vissi ég að ég myndi aldrei komast undan þeim"

NIVEA

HÁMARKAÐU
HÚÐENDURNÝJUN ÞÍNA

NÝTT

Q10 Ultra Serum
Night Recovery



MANNLÍF
Fréttir / Hönnun / Lífsstíl / Menning / Ísland / Heimurinn

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Reynir Traustason / **Útgáfustjóri:** Katrín Guðjónsdóttir **Gæðastjóri:** Kolbeinn Þorsteinsson
Markaðsstjóri: Valdís Rán Samúelsdóttir / **Auglýsingastjóri:** Thelma Logadóttir **Ljósmyndari:** Kazuma Takigawa
Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Guðjón Guðjónsson, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Svava Jónsdóttir.
Útgáfufélag: Sólartún ehf.



EFNISYFIRLIT

Í góðum málum / slæmum málum 4
Fréttamálið 6
Neytendamálið 12
Leiðarinn 14
Fjögur á förnum vegi 16
Fjölmiðlapistillinn 16
Orðrómur 16
Viðtalið 18
Baksýnisspegillinn....30
Helgarpistillinn 32
Lífsreynslusagan....34
Listin....36
Ófarir annarra....41
Matgæðingurinn....46
Síðast, en ekki síst 50

Í GÓÐUM MÁLUM



Í SLÆMUM MÁLUM




Umsjón: Björgvin Gunnarsson



Tónlistarmaðurinn Auðunn Lúthersson, öðru nafni Auður, er í mjög góðum málum í augnablikinu enda var hann að gefa út glænýtt lag með þjóðargersemi Íslands, Bubba Morthens. Lagið heitir Tárin falla hægt og þykir passa vel við söngvarana en Bubbi hefur ekki alltaf verið allra enda verið óheflaður og opinn um eiturlyfjaneyslu fyrri ára sinna. Auður dró sig í hlé eftir að ásakanir komu fram á samfélagsmiðlum árið 2021 þar sem hann var sagður stigið yfir mörk nokkurra kvenna. Hann viðurkenndi síðar að hafa farið yfir mörk ungrar konu árið 2019. En nú er hann sem sagt kominn aftur á ról og byrjar af krafti en búast má við að nýja lag þeirra félaga muni skríða hægt og rólega upp vinsældarlista útvarpsstöðvanna eins og fyrri lög þeirra beggja. Af tilefni útgáfu lagsins sagði Auður: „Það er heiður að gera lag með þjóðarskáldi. Þegar Bubbi bað mig um að vinna með sér gat ég ekki annað en sagt já. Sem krakki mæmaði ég með Utangarðsmönnum, spilaði á luftgítar, hoppaði í rúminu og þóttist vera á sviði einn inni í herbergi. Fjöllin hafa vakað er fyrsta lagið sem ég lærði á gítar. Núna er ég að gefa út lag með honum." Bubbi sagði af sama tilefni: „Frá því ég heyrði í Auð í fyrsta skipti vissi ég að þarna væri kominn listamaður sem hefði vægi. Og ég hugsaði: Ég verð að vinna með honum einn daginn." Fallegt.

Vináttan er í slæmum málum þessi dægrin. Nánast í hverri viku birtast fréttir af vinaslitum þekktra einstaklinga sem áður voru óaðskiljanlegir, þannig séð. Fyrstur í þessari bylgju var sjálfur seðlabankastjórinn, Ásgeir Jónsson sem sleit vináttu sinni við verkfræðinginn og tónlistarmanninn Val Arnarsson. Eða hann „unfriendaði" Val á Facebook vegna misheppnaðs (að mati Ásgeirs) gríns á kostnað Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra. Valur tók vinaslitinum við seðlabankastjórann ekki illa og sagði af því tilefni: „Mikið væri nú gott ef stýrivextirnir hans unfrienduðu mig líka."
Stuttu síðar kom frétt sem fæstir bjuggust nokkurn tímann við að lesa, enda voru líkurnar stjarnfræðilega litlar að slíkt gæti gerst. Aldargömlu vinirnir Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri og hitt og þetta og núverandi ritstjóri Morgunblaðsins, og Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, slitu vináttu sinni. Sagði dómarinn fyrrverandi frá þessu sorglega máli í hlaðvarpsþætti Sölva Tryggvasonar þar sem hann sagði að þeir fyrrum BFF hefðu ekki talast við í meira en ár. Sagði hann meðal annars í þættinum: „Hann hætti bara að tala við mig og hefur líklega farið í fýlu út í mig. Hann hefur ekki fengist til að segja mér hvað veldur þessum vinslitum. Kannski af því að ég lét ég í ljósi andúð mína á meðferð hæstaréttar á broti þar sem bankamenn voru dæmdir umvörpum í fangelsi fyrir umboðssvikabrot." Á dauða mínum átti ég von á en ekki þessu. En Davíð hefur þó alltaf Hannes.
Nýlegasta dæmið í þessari bylgju vinslita eru slit vináttu Birgis Hólm Björgvinssonar, fyrrverandi gjaldkera Sjómannafélags Reykjavíkur, og Jónasar Garðarssonar, þáverandi formanns Sjómannafélagsins. Þeir félagar höfðu ávallt verið einmitt það, félagar og studdi Birgir við bakið á Jónasi er hann strandaði bát sínum með þeim afleiðingum að tvennt lést. En í hlaðvarpsþættinum Sjóarinn sagði Birgir frá vinslitunum en vildi ekki fara nánar út í málið að svo stöddu. Vonandi lýkur hér með vinaslitum merkilegra einstaklinga og öll dýrin í skóginum haldi áfram að vera vinir. Svona eins og Bubbi og Auður.





Fréttamálið

Björgvin Gunnarsson

Ofbeldisalda skellur á unglingana okkar



Undanfarið ár hefur hver fréttin rekið aðra þar sem sagt er frá grófu ofbeldi unglinga og ungmenna á höfuðborgarsvæðinu og má með sanni kalla það bylgju. Barnamálaráðherra sagði nýlega að þörf væri á átaki til að sporna gegn þessari þróun. Því er verkefnastjóri á neyðarmóttöku Landspítalans sammála, en þar mæla menn aukna hörku í líkamsárásum þessa aldurshóps.

Hnífsstungur og kynferðisbrot

Fréttir hafa borist undanfarið af auknu ofbeldi meðal unglinga og ungmenna. Sést það helst meðal annars á meira ofbeldi í miðbæ Reykjavíkur en stunguárásum hefur fjölgað sem og alvarlegum kynferðisbrotum, svo fátt eitt sé nefnt. Sem nýlegt dæmi má nefna að í ágústmánuði réðust nokkrir unglingspiltar á 16 ára gamlan dreng og stungu hann í bakið og var talin mikil mildi að drengurinn lifði árásina af, enda blæddi mikið. Gerendurnir voru 17 og 18 ára. Þá var meint kynferðisbrot í Fjölbrautaskóla Suðurlands, þar sem báðir aðilar voru undir lögaldri, mikið í umræðunni fyrir stuttu. Nýjasta málið er frá miðjum september en þá var ráðist á 18 ára



Vettvangur glæpsins. Ljósmynd: Rúv

dreng með þroskaskerðingu í undirgöngum við Sprengisand í Reykjavík og reynt að hafa af honum hjól en hann var á leið á íþróttaæfingu. Í kjölfarið var hann stunginn þrisvar sinnum. Pilturinn var fluttur á gjörgæslu þar sem hann undirgekkst aðgerð.

Í ársskýrslu Stígamóta fyrir síðasta ár kemur fram að mikla athygli hafi vakið



Ármúli 17 www.vest.is s:620 7200




hversu margir ofbeldismanna hafi verið undir lögaldri er þeir frömdu brotin. Þar kemur fram að af þeim 700 brotamönnum sem safnað var upplýsingum um á síðasta ári, hafi 107 þeirra eða 16,7 prósent, verið á aldrinum 14-17 ára. Ennfremur kemur fram í skýrslunni að 66,4 prósent brotaþolanna sem leitaði til Stígamóta árið 2021 hafi verið yngri en átján ára er þau voru fyrst beitt kynferðisofbeldi.


Kynferðismálum fjölgar á ný eftir COVID

Hulda Hrönn Björgúlfsdóttir, verkefnastjóri á neyðarmóttöku Landsspítalans fyrir þolendur kynferðisofbeldis, segir í viðtali við Mannlíf að aukin harka sé að færast í líkamsárásarmál, þá sérstaklega hjá ungu fólki en áður en hún varð verkefnastjóri vann hún á bráðamóttökunni í 15 ár.

„Fólk hefur áhyggjur af því, árásirnar eru orðnar grófari, verið er að nota hnífa og fleiri vopn og hópárásir þar sem ekkert er gefið eftir. Þetta er ekki kýlingar eins og þekktist í gamla daga. Fólk einhvern veginn svífst einskis og við vitum ekki alveg hvað veldur en við höldum að þetta tengist internetinu. Þar er allt orðið svo opið," sagði Hulda.

Hún segir einnig að kynferðisafbrotum meðal ungs fólks væri að fjölga aftur eftir nokkra lægð síðustu tvö árin. „Við tengjum þetta við COVID, því að flest kynferðisbrotamál sem koma til okkar tengjast skemmtanalífinu. Það eru engar samkomutakmarkanir lengur og fólk fer út á djammið á skemmtistöðunum og í partí en kynferðisbrotin eiga sér ekki stað á skemmtistöðunum heldur að mestu í heimahúsum, eftir djammið.





Dæmi úr könnuninni

Heitir og kaldir gæðapottar ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina



Háfur m/lengjanlegu skafti
5.950 kr.

Bursti
7.900 kr.

Hitamælir m/bandi
(stór appelsínugulur)
3.000 kr.

Hitamælir gul önd
2.500 kr.

Hitamælir golfkúla
1.900 kr.

Höfuðpúði
5.900 kr.

Algjör slökun!

Fljótandi „hengirúm". Margir litir
3.900 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

Geirslaug
279.000 kr.

Snorralaug
299.000 kr.

Gvendarlaug
189.000 kr.

Unnarlaug
310.000 kr.

Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.

Grettislaug
259.000 kr.

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og líta ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

Þetta er ekki meira en fyrir COVID en að fara upp í svipaðan fjölda og fyrir COVID.“ Aðpurð segir Hulda að kynferðisbrotin séu þó ekki mælanlega grófari en áður. „Þetta er mjög svipað og hefur verið þótt það komi grófar árásir inn á milli, en það hefur kannski ekki verið mikið í umræðunni. Ég á þá við árásir þar sem áverkar eru sýnilegir en tek fram að allar árásir eru auðvitað hryllilegar.“

Hulda segir einnig í samtali sínu við Mannlíf að grunur sé um að kynferðisbrotin komi oft vegna klámnotkunar ungmenna. Samkvæmt skýrslu Menntavísindastofnunar um börn og netmiðla sem kom út á árinu, hafa tæplega þrír af hverjum tíu nemendum í 8. bekk horft á klám á netinu en hlutfallið hækkar svo með árunum. Rúmur helmingur nemenda í 10. bekk hefur horft á klám og 70 prósent framhaldsskólanema.

„Strákar virðast fá sínar hugmyndir um það hvað kynlíf er eða halda að það sé, ég veit það ekki, úr klámi. Það virðist vera ofsalega mikil harka í þessu, þó að það séu til allskonar hugmyndir um kynlíf þá ertu kannski ekki í því á fyrsta stefnumóti.“

En hvað er hægt að gera til að sporna við þessari þróun? „Það er hellingsvinna í gangi núna, það eru landssamráðsfundir og það á að fara að reyna að búa til einhvern farveg og auka fræðslu í skólum. Það er það sem mér finnst að þurfi að gera.“



Ásmundur Einar Daðason

Átak nauðsynlegt

Eitthvað þarf að gera því varla vill þjóðin lifa í samfélagi þar sem börnin þeirra eiga á hættu að verða fyrir hnífsstungum og hópárásum þegar þau fara út á meðal jafnaldra sinna. En eru ráðamenn með puttann á púlsinum? Í viðtali í Bítið á Bylgjunni í lok ágúst, sagði barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, að sérstakt átak þurfi til svo kveða megi niður þá ofbeldisbylgju sem skollið hefur yfir meðal íslenskra unglinga og ungmenna. Sagði hann það standa til að koma á fót stýrihópi sem muni skoða ofbeldismál barna og finna leiðir til að sigrast á þeim vanda.

„Ég átti fund nýlega með ríkislögreglustjóra til að ræða þessi mál. Ég hef líka verið að ræða þetta við lögregluna, við dómsmálaráðherra. Ég held að við þurfum að fara í aukið átak þegar kemur að þessum málum. Við þurfum að fara inn í skólana, við þurfum að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir,“ sagði Ásmundur í viðtalinu og hélt áfram: „Ég verð að viðurkenna að ég er ekki með svörin við því hvað við getum gert og hvernig. Þess vegna höfum við verði í samtali um það. Við þurfum að setja vinnu af stað og erum að undirbúa að setja í gang einhvers konar stýrihóp sem fer ofan í þessi mál og skoðar það sem lýtur að ofbeldismálum barna, þar sem þau eru gerendur og þar af leiðandi þolendur líka.“

Þannig að já, ráðafólk virðast vera með puttann á púlsinum en hvort lausn þess á vandanum muni duga til verður tíminn einn að leiða í ljós.





Neytendamál
Guðrún Gunnsteinsdóttir

Gríðarlegur verðmunur á umfelgun

-Þú getur sparað sex þúsund krónur



Hollráð

1. Kannaðu verð áður en þú mætir í dekkjaskipti.
2. Áríðandi að gera verðsamaburð ef keypt eru ný dekk.
3. Pantaðu tíma í stað þess að lenda í röð.
4. Gættu þess að fara vel með dekkin og þrífa þau reglulega.
5. Ekki aka um á lélegum nagladekkjum. Það veitir falskt öryggi.
6. Margir láta vetrardekk duga en sleppa nöglunum og valda minni mengun.
7. Dekk eiga sér ákveðinn líftíma. Eftir fjögur ár eru þau útrunnin. Ekki kaupa gömul dekk. Lestu á dekkið. Þar sést framleiðsluárið.

Gríðarlegur verðmunur er á umfelgun á milli verkstæða. Munurinn á hæsta og lægsta verði er um 80 prósent. Það þýðir að sá sem lætur umfelga getur sparað sér allt að sex þúsund krónum.

Nú, þegar fer að hausta, kemur að því að setja vetrardekkin undir. En hvar er hagstæðasta verðið? Blaðamaður Mannlífs fór á stúfana og kannaði verð á 13 verkstæðum. Á heimilinu eru tveir fólksbílar með 16 og 17 tommu álfelgum og því er verð fyrir það eingöngu skoðað. Hagstæðasta verðið reyndist vera hjá no22.is en Nesdekk er með hæsta verðið. Töluverður verðmunur er á umfelgun og munar 80 prósentum á ódýrustu og dýrustu umfelgun á 17 tommu dekkjum en 77 prósenta munur er á 16 tommu dekkjum. Verðkönnunin var gerð 26. og 27. september.

Miðað við að skipta þarf um dekk tvisvar á ári þá er rúmlega 33 þúsund króna munur á dýrasta og ódýrasta staðnum á ársgrundvelli. Verðið á við um eftirfarandi: Dekkin tekin undan bifreiðinni (4 stykki), þau umfelguð, sett undir og jafnvægisstillt.
Þess ber að geta að neðangreint verð er fyrir utan alla afslætti eða sérkjör, svo sem FÍB-afslátt, eldri borgara- og annað í þeim dúr. Sum verkstæði veita afslátt af umfelgun ef keypt eru fjögur dekk undir bílinn.

Betra er að huga fyrr en seinna að dekkjaskiptum því eitt er víst að veturinn kemur alltaf á endanum og þá er gott að vera komin/n tímanlega á vetrardekkin freka en að bíða í langri röð á dekkjaverkstæði.

Verð á umfelgun 27.09.2022	Fólksbíll að 16"	Fólksbíll 17"
Nesdekk	13.990	15.990
Dekkjahöllin	12.990	15.290
Max1	12.935	15.462
N1	11.990	15.590
Sólning	11.900	12.900
Klettur	11.990	14.990
Gúmmívinnustofan	12.668	15.679
no22.is	7.900	8.900
Vaka	9.860	12.030
Bíladekur	10.300	13.200
KvikkFix	11.900	14.900
Titancar	13.500	13.500
VIP dekk	10.500	12.500
Munur á hæsta og lægsta verði	77%	80%


Sendingin bíður á N1











Renndu við þegar þér hentar

Nú geturðu valið að sækja sendinguna þína frá netverslunum ELKO, ASOS, BOOZT o.fl. á hvaða þjónustustöð N1 sem er – jafnvel allan sólarhringinn. Við tökum netverslunina alla leið svo þú getur strax byrjað að hlakka til næsta pakka!

440 1000 n1.is

dropp

N1 ALLA LEIÐ



Leiðarinn
Reynir Traustason



Líf í skugga Geirfinns

Þrautaganga Erlu Bolladóttir hefur staðið síðan hún var 18 ára. Þá leiddist hún inn á braut fjársvika. Hún og Sævar Ciesielski, sambýlismaður hennar, sviku stórfé út úr Póstinum í gegnum svonefnt póstgíró. Þetta markaði upphafið að því sem síðan hefur litað líf hennar.

Þegar Geirfinnsmálið kom upp dróst hún inn í málið ásamt félögum sínum. Framganga rannsóknaraðila varð til þess að hún játaði að hafa orðið Geirfinni Einarssyni að bana í dráttarbrautinni í Keflavík. Aðrir sakborningar játuðu líka að hafa banað honum. Játningar fólksins lýstu að minnsta kosti þremur aðferðum við að bana manninum. Þau voru ákærð og loksins dæmd fyrir morð á Geirfinni og Guðmundi Einarssyni. Stærsta dómsmorð Íslandssögunnar varð að veruleika. Það þótti sjálfsagt að bæta svo sem einu, tveimur morðum á sakaskrá fólks sem hafði fengist við smáglæpi.

Rannsókn á þessum málum var í skötulíki. Fólkið var beitt þrýstingi til að játa það sem lögreglunni hentaði. Stór hluti málsins var svokallað Klúbbsmál sem snerist um smygl á spíra og bókhaldsbrot. Lögreglunni var mikið í mun að tengja eigendur og starfsfólk Klúbbsins inn í morðmálin. Þær tilraunir enduðu með þeim ósköpum að Erla vitnaði um sekt Klúbbsmanna, þeirra á meðal bróður síns Einars Bollasonar. Þeir voru fangelsaðir og sátu lengi í varðhaldi.

Eftirmál þessa urðu þau að mál fólksins var tekið upp aftur. Þau sem dæmd voru fyrir morð voru sýknuð og ríkið greiddi þeim háar bætur. Erla var þó undanskilin. Hún lýsir því að hafa verið í gæsluvarðhaldi og henni nauðgað af lögreglumanni. Hún hafði verið dæmd fyrir meinsærið sem kom bróður hennar í gæsluvarðhald. Henni einni var neitað um bætur eða sýknu þegar mál hópsins var tekið upp að nýju. Á dögunum hafnaði endurupptökunefnd beiðni hennar.

Erla segir sögu sína í hlaðvarpi Mannlífs og í forsíðuviðtali blaðsins. Hún glímir við ólæknandi krabbamein og á sér aðeins þá von að ná fram réttlæti gegn karlakerfi sem kramdi undir sér 18 ára stúlku og eyðilagði líf hennar. En það er torsótt. Eftir úrskurð endurupptökunefndar virðast henni öll sund vera lokuð Erla gefst þó ekki upp. Sárveik heldur hún áfram þrautagöngu sinni í von um að hún fái örlítinn skerf af réttlæti eftir að hafa lifað sínu lífi í skugga Geirfinnsmálsins. Lögregla og dómstólar þess tíma eru sek um siðblindu og vinnubrögð sem eru réttarkerfinu til skammar. Stúlkan sem sveik Póstinn á rétt á sakaruppgjöf. **Það er nóg komið.**

Sárveik heldur hún áfram þrautagöngu sinni



Gerðu gráa hversdagsleikann litríkan



Með gæðamálningu frá Flügger



Heima með Maríu Gomez:

Það eru fjögur börn á heimilinu og alltaf nóg að gera og það er því mikilvægt að velja málningu sem hentar erilsömu hversdagslífi. María valdi Dekso 1 Ultramat málninguna, en það er 100% akrýlmálning sem er alveg mött og auðvelt að þrífa. Dekso 1 Ultramat má einnig nota á loftin, en það er mjög hagkvæmt þegar þarf að mála heila íbúð.

Flügger COLORS THAT MATTER

Hefur þú áhyggjur af hryðjuverkaógn á Íslandi?

Umsjón: Lára Garðarsdóttir



Sigrún Hólm Jónsdóttir
„Svolítið, já, ég hef það."



Ragnheiður Hallsdóttir
„Það hefur kannski örlítið aukist eftir fréttina um daginn en fyrir það hafði ég engar áhyggjur."



Óli Ómar Ólason
„Já, mikla. Og ég vil að það verði tekið hart á þessu máli sem var að koma upp."



Hulda Karen Pétursdóttir
„Nei, ekki beint sko en kannski ætti maður að hafa það miðað við nýjustu fréttir."



Fjölmiðlapistillinn
Svanur Már Snorrason



Hunsum íslenska málfarsfasista
– droppum dönskunni og tökum upp þýsku

Mikið hefur verið skrafað og skeggrætt um tungumálið okkar, og sitt sýnist hverjum.
Sumir hreinræktaðir málfarsfasistar vilja helst að við tölum eins og þegar land var numið – sem er bara gamla norskan – sem er kennd í háskólum í Noregi; til hvers, hef ég ekki græna glóru um. Ég tel að íslenskan sé alls ekki í neinni hættu; hún er hins vegar smám saman að breytast, þroskast og þróast; og fólk talar ekki lengur þá íslensku á götum úti eða í húsum inni sem notuð var á leiksviðum og í fyrstu íslensku kvikmyndunum. Ég meina, horfið bara á hvernig leikkonan Tinna Gunnlaugsdóttir talaði í fyrstu kvikmyndunum sem gerðar voru um og eftir 1980. Þar talaði hún „hreinræktaða" íslensku, en tilfinningin sem maður fékk var að hún væri að tala við heyrnarskertan einstakling eða einhvern sem var ekki alveg skarpasti hnífurinn í skúffunni; og það var og er ömurlegt.

Allt sem tengist orðinu hreinræktaður fær mig til að kúgast, og stundum æla. Þetta er viðbjóðslegt orð sem tengist engu öðru en öfgaþjóðernishyggju og einangrunarstefnu à la Enver Hoxha sem ríkti með harðri hendi í áratugi og lokaði landið sitt, Albaníu, fyrir umheiminum. Nei, takk!
Hættum að hafa áhyggjur af íslenskunni – hún er ekki í hættu, en mun eðlilega breytast smám saman, enda erum við ekki lokað og einangrað land lengur. Einbeitum okkur frekar að öðru tungumáli; dönskunni, og útrýmingu hennar úr grunnskólum landsins. Að kenna dönsku í skólum landsins er ein mesta og versta tímaskekkja sem fyrirfinnst hér á landi; verra en allt íslenskuvælið og varðhundahugmyndirnar um það. Droppum þessari helvítis dönsku!

Við skuldum Dönum ekki neitt; þeir skulda okkur hins vegar mjög mikið – enda kúguðu þeir okkur Íslendinga um allt of langt skeið og hirtu allan auð sem hér skapaðist og létu okkur hokra við kjör sem voru nálægt japönskum fangabúðum í gæðum; eina sem ég hef upplifað gott frá Danmörku er Hróarskelduhátíðin, Kim Larsen og Kristjanía – og ekki endilega í þessari röð. Danska hljómar hryllilega; eins og einhver sé að tala með lifandi eiturslöngu upp í kjaftinum.
Svo tala bara eitthvað um 6 milljónir manna þetta eiturslöngutungumál, og það er nákvæmlega ekkert á því að græða að læra það – ekki neitt!
Tökum frekar upp kennslu í þýsku í grunnskólum, byrjum á sama aldri og nú er byrjað að læra dönskuna.

Íslendingar eiga mjög auðvelt með að læra þýsku, hún er einföld og talsvert mikið skyld íslensku og geta heilu setningarnar í þessum tveimur tungumálum verið nánast eins. Og svo tala allavega 130 milljónir manna þýsku um allan heim, líklega mun fleiri ef allt er talið.
Hættum að byggja upp einhverja múra í tengslum við íslenskuna; leyfum henni að þróast og þroskast með nýjum og breyttum tímum, þar sem íslenskt samfélag er sem betur fer alltaf að verða fjölþjóðlegra.

Hættum að kenna dönsku í grunnskóla – það er bara tímaskekkja; slítum þessum ömurlegu tengslum endanlega við okkar gömlu og afar grimmu nýlenduherra.
Tökum upp þýskukennslu í stað dönsku; á því er eitthvað að græða enda tala margir þýsku í heiminum, og hún er bara ekkert erfið. Og miklu fallegra tungumál en margur gerir sér grein fyrir. Prófið að útiloka öskur Hitlers og hlustið á venjulegt fólk tala þýsku. Hættum að lifa í fortíðinni, hættum að segja: Svona hafa hlutirnir alltaf verið. Tökum betur á móti útlendingum og lærum af þeim; gerum íslenskt samfélag eins fjölþjóðlegt og mögulegt er og byrjum að læra þýsku snemma í grunnskóla.
Amen.

Orðrómur

Vandræði Porsteins Más

Engum hefur dulist að sjávarútvegsrisinn **Samherji** er í mikilli krísu vegna mútumála í Namibíu og lögbrota í Færeyjum. Helsti upplýstrarinn í málum Samherja er **Jóhannes Stefánsson** sem hefur stigið fram með gríðarlegar ávirðingar á félagið. Jóhannes er ekki ótengdur yfirstjórn félagsins. Hann er náfrændi **Helgu S. Guðmundsdóttur**, fyrrverandi eiginkonu **Þorsteins Más**. Forstjórinn hefur af þeim sökum átt erfitt með að berja á upplýstrara sínum án þess að valda fjölskylduharmleik í leiðinni ...

Vindmyllur Helga

Helgi Hjörvar, fyrrverandi alþingismaður Samfylkingar, situr ekki auðum höndum eftir að hann hætti skyndilega þingmennsku í miðju hruni Samfylkingar. Helgi áformar að reisa vindmyllurnar á jörðinni Hafþórsstöðum í Borgarfirði. Fullyrt er að hann sé búinn að tryggja sér fjármagn frá Evrópu og væntir þess að íslenskir fjárfestar leggi peninga í púkkið. Vindmyllugarður Helga mun blasa við vegfarendum sem fara um Þjóðveg 1 með tilheyrandi sjónmengun.Margir eru því andvígir að heimila þessa framkvæmd og telja hana fela í sér náttúruspjöll ...

Davíð skammaður

Þegar styttist í aðventuna upphefst gagnrýni á Þjóðkirkjuna vegna trúboðs gagnvart skólabörnum. Sumir foreldrar vilja ekki að börn þeirra fái slíka fræðslu og krefjast þess að prestar haldi sig frá skólunum. **Séra Davíð Þór Jónsson**, prestur í Laugarneskirkju, þykir vera á meðal þeirra frjálslyndari í þessum efnum. Davíð Þór hefur tekið þá ákvörðun að afþakka heimsóknir skólabarna í kirkjuna á komandi aðventu. Hann segir heimsóknirnar getað skapað andstöðu og sundrung.
Birgir Þórarinsson, alþingismaður og guðfræðingur, mótmælti ákvörðuninn í blaðagreini,,Klerknum sýnist mikið í mun að hans verði minnst í sögubókum.
Honum mun væntanlega verða að ósk sinni þar sem þess þekkjast ekki dæmi í kirkjusögunni að heimsóknir grunnskólabarna í kirkjuna séu afþakkaðar," skrifar Birgir og er mikið niðri fyrir ...

Agnes í vanda

Vandræðamál Kirkjunnar eru reyndar fleiri og stærri en bannið í Laugarneskirkju. **Agnes Sigurðardóttir** er í klandri vegna þess að séra **Gunnari Björnssyni** var meinaður aðgangur að Hveragerðiskirkju þar sem óskað hafði verið eftir því að hann myndi jarðsyngja vinkonu sína. Framganga kirkjunnar þar lyktar af fantaskap biskups.
Talsmenn Þjóðkirkjunnar hafa ekki getað útskýrt hvers vegna hann gengið var gegn vilja syrgjenda með þessum hætti. Undir teppinu á biskupsstofu er svo mál söknarprestsins á Staðarstað sem hætti með örskömmum fyrirvara og fékk starf á Biskupsstofu ...





Viðtal
Svava Jónsdóttir

Erla segir sögu af fangelsisvist nauðgun og dómsmorði:

„Eitt kvöldið voru klefadyrnar opnaðar”

Erla Bolladóttir hefur stóran hluta lífs síns barist við valdið eftir að hafa verið bendluð við Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Í viðtali við Reyni Traustason talar hún meðal annars um unglingsárin, fyrstu kynnin af eiturlyfjum, Sævar Ciesielski sem hún á barn með, glæpinn, gæsluvarðhaldsvist, ástina sem hún kynntist í steininum, meinta nauðgun og krabbameinið.

„Eitt kvöldið voru klefadyrnar opnaðar og þá kom hann inn. Það var ekkert óvenjulegt. Hann kom oft inn og sat á rúmstokknum og var ýmist að yfirheyra mig eða vera vinur minn. En þarna allt í einu er orðið hljótt og það er rifa á hurðinni. Hann gyrti niður um sig og þá var hann búinn að setja á sig verju og allt klárt. Ég sat á rúminu með bakið upp við vegginn við höfðagaflinn. Ég byrjaði að ýta mér nær veggnum en komst ekkert lengra. Hann dró mig niður og lagðist ofan á mig. Það var ekki möguleiki á að ég hefði látið heyrast eitt einasta hljóð í mér af því að ég ímyndaði mér að ég gæti týnt lífinu ef ég hefði gert það og sakað hann um þetta. Ég hefði aldrei þorað að gera það. Þannig að hann athafnaði sig. Hann var kannski búinn að vera í 10-15 mínútur inni í klefanum og þá allt í einu reif hann sig upp og sagði mér að minnast ekki á þetta. Hann gyrti upp um sig og fór svo fram. Svo kom fangavörðurinn og læsti,“ segir Erla Bolladóttir.
Maðurinn sem hún talar um er lögreglumaðurinn Sigurbjörn Víðir Eggertsson og fullyrðir hún að hann hafi nauðgað sér í fangaklefanum þegar hún sat í gæsluvarðhaldi í tengslum við rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.
Erla segir að áður hafi hún beðið um að fá að tala við Örn Höskuldsson, einn aðalrannsakenda málsins, til að segja honum frá fangavörðum sem áreittu hana kynferðislega. Hún segir að hann hafi orðið illur og sagst ætla að tala við þá en að það hafi haft í för með sér að fangaverðirnir hafi orðið brjálaðir út í sig.

Erla segist ekki hafa þorað að minnast á nauðgunina einu orði. Svo kom að því að hún sagði frá. Það var Magnús Leópoldsson, sá sami og hún hafði borið röngum sökum á sínum tíma.
„Fyrsti maðurinn sem ég sagði frá þessu fyrir utan mína nánustu var Magnús Leópoldsson. Ég hringdi í hann 2003. Auðvitað var erfitt að opna samtal við hann. Ég sagði við hann hvað ég tæki nærri mér hvernig þetta hefði allt farið en mig langaði að tala við hann og hann var fús til að tala við mig. Þá var hann búinn að átta sig á málinu því að þá hafði Sævar náð að fá hann til að samþykkja að tala við sig og útskýrt fyrir honum nógu mikið til að hann fór að átta sig. Hann átti svo eftir að krefjast rannsóknar á því sem fram fór í Keflavík þegar böndin bárust að Klúbbmönnum. Þegar ég sagði honum frá þessu ráðlagði hann mér að fara í Stígamót en ég sagði að ég þyrfti þess ekki; það væru 27 ár liðin og ég hélt ég væri alveg góð. Hann sagði að það væri þó ekki nema til að þetta væri einhvers staðar skjalfest að ég hafi leitað mér hjálpar út af þessu.“

Þá dró hún fram fangelsisdagbókina og sá að það var hringt í hann akkúrat á þessum tíma.

Erla kærði löngu síðar og fór í skýrslutöku hjá Sigríði Friðjónsdóttur ríkissaksóknara.
„Þegar Sigríður fór að yfirheyra mig eða spyrja mig út í þetta var hún með einhvern vararíkissaksóknara með sér. Hún bað mig um að segja frá og ég gerði það. Það var dálítið erfitt af því að nú var ég að tala við konu sem hlustaði á mig svo ég beygði af oftar en einu sinni. Þetta var erfið skýrslutaka. Hún spurði út í tímabilið og ég var búin að sjá í gegnum skýrslurnar hvenær þetta gerðist af því að þetta gerðist kvöldið áður en Sigurbjörn var að fara í frí. Og ég man að ég vissi af því. Ég sá það í skýrslunum svo ég gat sagt henni hvenær þetta var. Svo spurði hún mig hvað ég héldi að hann hefði verið lengi í klefanum og ég sagði 10 mínútur, kortér í mesta lagi, en svo allt í einu reif hann sig upp og fór. Þá spurði hún hvort ég héldi að það hafi getað verið hringt í hann. Það var í fyrsta sinn sem ég fattaði af hverju hann var svona snöggur að stökkva upp. Ég heyrði ekki neitt en hann hefur heyrt nafnið sitt kallað og að það væri einhver að hringja í hann. Þá dró hún fram fangelsisdagbókina og sá að það var hringt í hann akkúrat á þessum tíma. Í framhaldi af þessu gerði hann upp við sjoppuna en það var einhver þjónusta við lögreglumenn eða fangaverði upp á að taka út eitthvað og borga svo þarna í fangelsinu. Síðan gaf hann fangavörðunum fyrirmæli um að fara strax að morgni og eða kvöldi og leysa út einhverjar tvær pillur sem ætti að gefa mér strax og svo getnaðarvarnarpilluna í framhaldi sem fangelsislæknirinn hefur þá skrifað upp á.“

> *Þegar ég sagði honum frá þessu ráðlagði hann mér að fara í Stígamót*

Lét Sigurbjörn Víðir gera þetta?
„Já.“
Getnaðarvarnarpillu fyrir fanga sem var í gæsluvarðhaldi?
„Já.“
Og þetta er allt staðfest?
„Já,“ segir Erla og bætir við að hún hafi birt mynd af þessu skjali í bók sem hún skrifaði. *„Ég man ekki eftir að það hafi verið minnst á getnaðarvarnarpillu; hún hefur eflaust verið í pillu-hrúgunni og ég ekkert vitað af því. Mér var aldrei sagt hvað ég var að taka en ég komst að því seinna. Ég sá það seinna. Þetta voru allt lyf sem voru til þess fallin að vera róandi. Bæði vöðvaslakandi og valíum,“* segir Erla en hún segist hafa tekið lyf þvert gegn vilja sínum á meðan hún sat í gæsluvarðhaldi.
Hún er spurð hvernig samskipti þeirra Sigurbjörns Víðis hafi verið í kjölfar meintrar nauðgunar.
„Eftir það var þetta mjög þrúgandi fyrir mig. Ég þurfti einhvern veginn að vanda mig gagnvart honum því annars kæmi hann bara aftur. Og ég bjóst alveg eins við því að hann kæmi aftur. Hann komst upp með þetta og hvenær sem ég heyrði fótatak nálgast gat það verið hann.“

Hélt sig til hlés

Um unglinginn Erlu Bolladóttur, sem leiddist út á braut glæpa, segir Erla í dag: *„Foreldrarnir voru að skilja og heimilið að leysast upp og ég var í uppreisn gegn mömmu minni og á endanum flutti ég til pabba. Og á þessum tíma kynntist ég Sævari.“* Það var Sævar Ciesielski.
Var hann fyrsta ástin þín?
„Já. Við vorum 17 ára.“
Varstu þá venjuleg stelpa í venjulegu umhverfi fram að því og ekkert vesen?
„Já. Ég hafði gaman af því að halda partí með leyfi pabba. Þegar hann fór á



DUXIANA®
duxiana.is Ármúli 7 s.568 9950



næturvakt fékk ég leyfi til að halda partí. Það var rosalega vinsælt. Þá var mikið af vinunum í hverfinu og þeir komu með gítarana og þá var spilað. Það urðu til einhverjar hljómsveitir eða tríó út úr þessu meira að segja.“

Svo var Erlu boðið hass og hún prófaði og fann ekki fyrir neinu. „Svo við eitthvað annað tækifæri bauð mér einhver annar að prófa hass og þá ákvað ég að prófa aftur af því að þetta hafði ekki skilað neinu og þá fann ég fyrir áhrifum. En það var ekkert meira en það. Það var ekkert verið að kaupa eða selja hass.“

Aftur að ástinni. Sævari.

Hún hafði séð hann í partíum og þá var hún búin að kynnast fólki sem reykti hass. Eldri krakkar. Hún segir að það hafi aldrei farið neitt fyrir honum. Hann átti hass en hún vissi ekki til þess að hann reykti sjálfur. „Og hann drakk aldrei og reykti ekki sígarettur. Ég skildi ekki af hverju hann átti alltaf hass handa öðrum.“

Þau kynntist eins og gengur og gerist og urðu síðar par.

Sævar var með það orð á sér á tímabili að vera hættulegasti glæpamaður þjóðarinnar. Hvernig strákur var hann á þessum tíma?

„Hann hélt sig til hlés. Það fór ekki mikið fyrir honum og hann var friðarins maður. Hann var skíthræddur við allt ofbeldi. Hann lét sig hverfa um leið og það voru einhverjar blikur á lofti einhvers staðar.“

Erla spurði föður sinn hvort það væri í lagi að Sævar byggi hjá þeim. *„Hann sagði að það væri í lagi svo lengi sem hann fengi sér vinnu. Þannig að það var mikil pressa á hann að fá sér vinnu.“*

Hann var ekki mikið fyrir það.

„Nei, hann réð eiginlega illa við það,“ segir Erla. *„Hann reyndi einu sinni að fá sér vinnu; fékk vinnu á bensínstöð. Hann kom heim eftir hálfan dag og sagði að það væri ekki séns að hann færi að vinna þarna; dæla bensíni á bíla fyrir feita kalla.“*

Sambúðin var stormasöm og það gekk á ýmsu.

Meinsæri

Og lífið fór að verða stormasamt.

Erla var sótt til yfirheyrslu árið 1973 og var henni ekið á lögreglustöðina við Hverfisgötu.

„Þar var Kristján Pétursson og hann ætlaði að yfirheyra mig um mál þar sem ég var grunuð um stórfellt fíkniefnasmygl. Mér fannst þetta eiginlega fyndið. Ég var svo gjörsamlega ófær um eitthvað svoleiðis á þessum tíma. Þannig að ég var bara hortug og leiðinleg við hann. Þá geymdu þeir mig yfir nótt og létu leiða mig fyrir dóm daginn eftir og þá var þar Ásgeir Friðjónsson sem spurði hvort ég kannaðist við þær sakir sem á mig væru bornar en ég sagði svo ekki vera og mátti fara.“

Hvað höfðu þeir fyrir sér?

„Þá var það þannig að þeir voru með Sævar í haldi þennan dag og þeir létu hann bera kennsl á mig án þess að ég sæi hann. Ég held að hann hafi sagt að ég hafi séð um einhverja svaka fíkniefnasölu og trúlega gerði hann það af því að hann vissi að ég væri ekki að fara að vera fundin sek um svoleiðis, held ég, til þess að koma sjálfum sér eða öðrum undan.“

Sævar seldi hass. *„Hann flutti það inn og seldi það en þegar Kristján Pétursson handtók hann var ekkert í gangi. Ekki neitt. Og hann var ekki með neitt mál til að bera á hann en var að pæla í skartgriparáni.“*

Erla vann á þessum tíma hjá Ritsímanum þar sem hún segist hafa lært á póstávísanir. Og hún nýtti sér vitneskju sína og kunnáttu og tók ólöglega út peninga. Síðar var hún sett í gæsluvarðhald út af því máli. Hún segist hafa orðið skelfingu lostin og sagt eins og var og svo var hún sett aftur inn í klefann og látin vera þar í nokkra daga.

Dómur féll.

„Ef það hefðu bara verið póstsvikin hefði ég fengið skilorðsbundinn dóm af því að ég hafði aldrei brotið af mér áður og var komin með nýfætt barn. Þannig að ég veit ekki hvaða dóm ég fékk fyrir það því ég fékk þrjú ár fyrir meinsæri.“

„Getur verið“ og „manstu hvort“

Þarna er komið að Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Hver er fysta snertingin þar?

„Þegar þeir voru loksins búnir að taka mig til yfirheyrslu var ég tilbúin til að segja þeim allt, og ég bara fór beint í það. Og það var einhverra klukkutíma yfirheyrsla og síðan var allt vélritað og svo mátti ég fara. Þá sagði Sigurbjörn Víðir: „Það er kannski ein spurning í viðbót.“ Ég var látin setjast niður aftur og var ofsalega róleg,“ segir Erla sem segir að Sigurbjörn Víðir hafi spurt hvort hún þekkti Guðmund Einarsson. *„Ég gat nefnt Guðmund Einarsson sem ég þekkti en það var ekki hann. Og svo byruðu þeir að spyrja mig.“*

Þeir sögðu að þetta væri eitthvað sem þeir þekktu í sínu starfi og að þeir gætu hjálpað mér að rifja þetta upp.

Hún segir að yfirheyrslan hafi tekið nokkra klukkutíma. *„Þeir sögðu mér að þegar fólk yrði vitni að einhverju hræðilegu og fengi áfall þá græfi það minninguna og gæti ekki munað. Þeir sögðu að þetta væri eitthvað sem þeir þekktu í sínu starfi og að þeir gætu hjálpað mér að rifja þetta upp. Þá voru þeir búnir að spyrja mig allt út í tímabilið þegar Guðmundur hvarf og hvað ég hafði verið að gera þá og alveg niður í liggur við klósettferðirnar.“*

Og Erla var aftur læst inni í klefa.

„Það eina sem ég veit alveg fyrir víst varðandi rannsóknina í upphafi er að þegar þeir byrjuðu að spyrja mig um Guðmund þá vissu þeir að ég vissi ekkert um það,“ segir Erla. *„Þegar þeir spurðu mig endalaust og ég sagði alltaf að ég myndi ekkert eftir þessu og að þetta gæti ekki hafa gerst þá byrjaði allt þetta „getur verið að“ og „manstu hvort“ og mín svör voru alltaf „jú, það getur alveg verið“. Þetta var eins og vandræðalegt leikrit.“*

Dóttir Erlu og Sævars var 11 vikna.

„Ég vissi ekki hvar hún var og þeir gátu ekki sagt mér hvar hún væri. Hún var það eina sem skipti máli í lífinu.“

Erla segir að þegar ákveðið hafi verið að setja hana aftur inn í klefa þá hafi Örn Höskuldsson, rannsóknardómari sem stjórnaði rannsókninni, hallað sér yfir hana og sagt að þeir hefðu ástæðu til að ætla að hún hafi orðið vitni að einhverju hræðilegu og að hún færi ekki fyrr en henni hefði tekist að rifja

það upp.
„Ég varð fyrir miklu áfalli þarna. Ég svaf ekkert þessa nótt. Ég sá atburðarásina fyrir mér sem þeir voru búnir að draga upp í þessum spurningaleik og þegar ég kom svo daginn eftir í yfirheyrslu þá var ég búin að reyna að sjá þetta eins og þeir til þess að þeir myndu sleppa mér.

Ég smám saman féllst á það sem þeir sögðu.

Þeir spurðu mig hvort mér hefði tekist að rifja upp og ég sagði „nei, ég er ekki viss“. Ég þorði ekki að segja alveg „nei“ því þá myndu þeir læsa mig aftur inni og ég varð að komast heim til barnsins. Þá byruðu þeir að spyrja. Ég hef líkt þessu við andann í flöskunni; þetta verður allt í einu til – einhver saga sem þeir leiddu áfram og ég smám saman féllst á það sem þeir sögðu og svo skrifuðu þeir söguna mína í fyrstu persónu í skýrslu og ég undirritaði. Og þá mátti ég fara. Þá var ég búin að standa mig rosalega vel, sögðu þeir.
Þeir hringdu í mig daginn eftir til að segja mér að Sævar og Kristján væru báðir búnir að játa og að saga þeirra væri í öllum atriðum sú sama og mín; að þeir hefðu myrt Guðmund. Og þá var mér allri lokið. Það gat ekki verið að þeir hefðu játað þetta bara einn, tveir og þrír. Þannig að ég fór að trúa því að ég gæti ekki rifjað þetta upp á svona eðlilegan hátt.“
Hún segist hafa verið brotin. „Ég reyndi að trúa því að þetta hefði gerst af því að þá væri ég ekki búin að ljúga þessu.“

Þú hefur stúderað Guðmundarmálið og niðurstaða þín er að það hafi verið keyrt á hann og hann hafi verið mulinn niður.
„Ég átti löng samtöl við konu sem var í bílnum sem keyrði á Guðmund Einarson, ef rétt er með farið. Ég var náttúrlega ekki á staðnum.“
Erla segir að konan hafi sagt að Guðmundur hafi staðið drukkinn við umferðarskilti við Álftanesveg og að bíllinn hafi ekið á hann. Hún segir að konan hafi sagt að þau hafi tekið hann upp í bílinn en að það hafi farið að draga af honum á leiðinni. Guðmundur hafi síðan látist og grunaði konuna um að hann hafi endað í grjótmulningsvél.

Ég vissi ekkert
Erla var látin laus 20. desember. Gæsluvarðhaldið var að baki. Íbúð þeirra Sævars var innsigluð og þurfti hún að komast í dótið sitt á heimili sínu og hringdi hún í lögregluna til að fá að fara inn í íbúðina. Sævar sat ennþá inni. Hann var alltaf að spyrja mig einhverra spurninga út í þetta.
„Sigurbjörn Víðir var sendur til að fara með mér inn í íbúðina og hann byrjaði að tala um Geirfinnsmálið. Hann fór fljótlega að spyrja mig hvort ég héldi að Sævar vissi eitthvað um það. Ég var ekkert að hugsa þá sem ég hefði auðvitað átt að gera og ég sagði að Sævar hefði tjáð sig mikið um það. Hann var með komplexa og vildi vera sá sem vissi allt um svona hluti og hann sagði að augljóslega hefði þessi Geirfinnur bara verið að gaspra einhvers staðar á röngum stað og á röngum tíma. Hann hafði gaman af að geta sér eitthvað til. Ég hafði hlustað á hann þegar hann var að tala við móður sína og móðursystur af því að það voru allir að tala um þetta mannshvarf og þá var hann með einhverjar tilgátur. Og ég sagði Sigurbirni Víði þetta. Hann var alltaf að spyrja mig einhverra spurninga út í þetta og smám saman fór ég að fá á tilfinninguna að hann væri ekki bara að tala um daginn og veginn. Þegar hann keyrði mig til baka bað ég hann um að lofa mér því að tala ekki um þetta við Örn Höskuldsson og hann sagðist lofa því.
Morguninn eftir hringdu þeir dyrabjöllunni hjá mömmu sem var nýfarin í vinnuna. Þeir báðu um kaffi og fengu sér sæti í stofusófanum. Örn vatt sér eiginlega beint að efninu og sagði að þeir vildu vita allt sem ég hugsanlega vissi um hvað varð um Geirfinn Einarsson.“
Hann hvarf 19. nóvember 1974 og þetta var í desember rúmu ári síðar.

Hafðir þú aldrei heyrt af þeim manni áður en þetta gerðist?

> *Og smám saman var ég toguð inn í einhverja atburðarás*

„Nei. Aldrei. Ég heyrði alla tala um þetta og eflaust hef ég tjáð mig eitthvað sjálf um þetta en á þessu augnabliki vissi ég alveg að ég myndi aldrei komast undan þeim. En ég reyndi. Ég sagði að ég vissi ekkert um þetta. Hann spurði hvað ég héldi að Sævar vissi um Geirfinnsmálið og ég sagði ekki neitt.
Það fór í hönd tímabil þar sem þeir voru stöðugt að ýmist hringja eða Sigurbjörn Víðir var að koma og Örn stundum með honum. Svo sóttu þeir mig líka til að fara í yfirheyrslur. Ég var ekki í sambandi við neina nema mömmu og systur mínar en það var mjög takmarkað af því að ég var komin inn í einhverja loftbólu með þeim.

Þeir spurðu mig fram og til baka um þetta tímabil þegar Geirfinnur hvarf. Og það var alveg sama hvað ég sagði þeim. Ég vissi ekkert. Ég var búin að fara í gegnum þetta með þeim einu sinni og brotna og þetta var bara spurning um hvað þetta tæki marga daga eða mörg skipti að tala við mig. Og svo á endanum fór ég að samþykkja; jú, það gæti verið að eitthvað. Og smám saman var ég toguð inn í einhverja atburðarás.
Þarna voru þeir að tala við mig nokkuð oft frá því milli jóla og nýárs og þangað til ég skrifaði undir fyrstu skýrsluna í Geirfinnsmálinu 23. janúar.“
Hvað var í þeirri skýrslu?
„Þeir skrifuðu allar skýrslurnar í fyrstu persónu eins og ég væri að segja söguna. Ég átti að vera að segja þá sögu að ég hafi farið upp í einhvern bíl með Sævari fyrir utan Klúbbinn og átti Magnús Leópoldsson að hafa verið að keyra bílinn. Þessi saga átti eftir að breytast í flestum atriðum.“
Og Erla játaði. Hún var úrskurðuð í 60 daga gæsluvarðhald og látin taka mikið magn af lyfjum. „Ég lét öllum illum látum og varð að komast heim.“

Ég vaknaði við það að maður sat á rúmstokknum hjá mér
Hún segist ekki muna vel eftir fyrstu dögunum í gæsluvarðhaldinu.



> *Ég átti löng samtöl við konu sem var í bílnum sem keyrði á Guðmund Einarson, ef rétt er með farið.*

„Ég man að ég grét svo mikið. Svo var mér sagt að ég hefði sofið í einhverja sólarhringa. Ég vaknaði við það að maður sat á rúmstokknum hjá mér, einn fangavörðurinn, og var hann að þukla á mér.“

Þeir voru búnir að fá þig til að játa morð. Hvað vildu þeir meira?

„Þá vildu þeir halda áfram til að samræma allar sögurnar. Einu sinni fóru þeir með okkur Sævar út í eitthvað hraun einhvers staðar að leita að líki. Þá voru þeir að leita að báðum líkunum. Við áttum að vita hvar þeir lægju. Ég fór með þeim í einhverjar af þessu ferðum til að benda þeim á hvar líkið væri.“

> *Það endaði á því að við gátum greint orðaskil hvort annars ef við lágum á maganum*

Ástin í steininum

Varðhald í 60 daga. Hvernig gastu drepið tímann?

„Klukkutími er sólarhringur. Ég mátti ekki hafa neitt inni sem gæti skaðað mig þannig að ég gat lítið gert framan af. Ég mátti ekki hafa blýant nema þeir væru viðstaddir. Svo voru bókasafnsbækur.

Ég var í eins mikilli einangrun og hægt var. Ég hitti aldrei neinn nema lögreglumenn og fangaverði og ég held ég hafi tvisvar eða þrisvar á þessu tímabili hitt lögfræðinginn minn.“

Erla kynntist manni í einangrun.

„Ég hafði lesið bók, eftir Arthur Miller, minnir mig, og í henni kemur fram að fangar banka í veggi milli klefa og hafa þannig samskipti. Svo var komið með fanga inn í næsta klefa. Það var skrýtið vegna þess að það átti enginn annar en ég að vera á þessum gangi,“ segir Erla sem segist síðar hafa komist að því að hljóðnemi hafi verið falinn á bak við loftræstitúð og segir hún að vonast hafi verið til að hún ljóstraði einhverju upp við manninn hinum megin við vegginn.

En aftur að hugmyndinn sem hún las um í bókinni.

„Ég byrjaði að banka í vegginn og maðurinn byrjaði að gera það sama. Það endaði á því að við gátum greint orðaskil hvort annars ef við lágum á maganum. Við komumst að því að við þekktum mikið sama fólkið og við urðum eiginlega ástfangin í þessum samskiptum.“

Þau ákváðu að það sem losnaði síðar út myndi hafa samband. Maðurinn losnaði á undan Erlu og daginn eftir að hún losnaði hringdi hún í manninn og spurði hvort þau ættu ekki að fara í bíó.“

Og þau fóru í bíó.

„Svo kynntumst við betur og enduðum á að giftast.“

Hjónabandið hélt ekki en Erla segir að þau séu vinir í dag.

Hún fékk svo dóm. Þrjú ár.

„Hæstiréttur dæmdi mig ekki fyrir aðild að morði eins og Héraðsdómur hafði viljað.“

Erla skoðar nú að fara með mál sitt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu eftir að beiðni hennar um endurupptöku var hafnað.

Tilbúin

Erla glímir við veikindi.

„Ég greindist í desember í fyrra með brjóstakrabbamein og fór í aðgerð og það heppnaðist mjög vel en í því ferli kom í ljós að ég væri með annars konar krabbamein í lunga. Ég hef verið í lyfjagjöfum meirihluta þessa árs en læknar treysta sér ekki til þess að lækna þetta.“

En það er kannski hægt að halda þessu niðri.

„Já, það er allavega það sem þeir eru að gera núna. Og það er ekkert vitað hvernig þetta getur hegðað sér en þetta hefur haldist niðri hingað til.“

Hvernig er að fá svona dóm? Hvernig er að vakna upp við það að vera með svona alvarlegan sjúkdóm?

„Það er svo undarlegt að þetta varð aldrei áfall. Ég veit að að hljómar skringilega en ég þekki áföll og þetta var ekki eitt af þeim. Þetta kom hægt og rólega einhvern veginn. Fyrst brjóstakrabbameinið og þá var ég orðin veik og búið að bjarga mér þar þannig að ég var svolítið komin inn í þetta ferli og það var eins og ég vissi einhvers staðar að það væri eitthvað að. En þetta kom mér ekki í opna skjöldu eins og ég hefði haldið. Ég hef verið alveg róleg yfir þessu. Og ég geri mér grein fyrir því að við stefnum öll í sömu áttina út úr þessum heimi og ég er löngu tilbúin að kveðja þennan heim eins og hann birtist mér. En ég á börn sem ég elska meira en ég get lýst og þau halda mér hér alveg og ég vil helst fá að vera langamma.“

Ertu ekkert hrædd?

„Nei. Það hefur mikið að gera með mína lífssýn. Ég hef lagt rækt við mitt andlega líf í ansi mörg ár frá því ég fór að rísa upp úr þessu öllu og ná einhverjum bata af alvarlegu kókaínvandamáli og í framhaldinu fór ég að leita að sannleikanum með stóru „s-i“. En ég læknaðist þó af því í heimspekinámi í háskólanum. Ég sé það þannig að ég sé á leiðinni á betri stað.“



Flottheit frá:

JENSEN, BJARNASON & CO
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili



Elita Split 120 White Matt
Elita 120 cm skúffueining. 120 x 46 cm.




Elita Babette handlaug.
62 x 41 cm. Matt black



FIMA sturtustangarsett
Svarta matta áferðin er brennt í tækið.
Einstaklega falleg áferð.



Elita TINY
Stærð 45x30x60 cm með
postulíns handlaug í möttu
svörtu og gyllt halda fylgir.



Terma HEX
Handklæðaofn.
Stílhreinn
handklæðaofn fyrir
fagurkerann



GLOBO BI
Salernisskál svört
RIMLESS



ELITA Sharon
Stærð 52x92 cm með led borða
og gylltum ramma.





Sturtuklefar í úrvali



Christina Eldhústæki
útdraganleg
Burstað gull



Fima SPILLO UP gull
Einnig fánlegur í krómi, matt
hvítu, matt svörtu,
gulli og matt gull.





Baðsloppur
100% Bómull.
Litur grey og nougat




Mosi
Tilbúinn í ramma



Nesti Dante handsápur
Fullkomin tækifærisgjöf!



Baksýnisspegillinn
Harpa Mjöll Reynisdóttir



Hvarf Matthíasar Þórarinssonar



Matthías Þórarinsson fæddist 17. maí árið 1989. Hann var 21 árs þegar hann hvarf, eina barn foreldra sinna og bjó með þeim á Stokkseyri. Faðir hans lést þegar Matthías var aðeins 14 ára gamall en þeir höfðu verið nánir. Það var Matthíasi því mikið áfall að missa föður sinn.

Honum er lýst sem skemmtilegum strák, miklu náttúrubarni og sagður svolítill hippi í sér. Hann hannaði sín eigin föt, borðaði einungis lífrænt og klippti sjálfur á sér hárið.
Eftir andlátið fluttu mæðginin á Kjalarnes.

Matthías bjó í jeppa fyrir utan heimili þeirra en notaði bílinn einnig til ferðalaga. Hann var í eðli sínu mikill einfari.
Þann 13. desember árið 2010 hringdi móðir Matthíasar í lögreglu, þá hafði hún ekki heyrt frá honum í nærri tvo mánuði. Hann átti það til að fara í ferðalög á jeppanum án þess að láta nokkurn vita en á þessum tímapunkti var óeðlilega langt um liðið. Þann 10. janúar hafði hún aftur samband við lögreglu en þá hafði hún ekkert heyrt frá syni sínum yfir hátíðarnar.
Skömmu síðar fannst bíll Matthíasar brunninn skammt frá heimili móður hans en ekkert benti til þess að hann hafi verið í bílnum þegar hann brann.
Hvarf Matthíasar þótti sérstaklega erfitt að rannsaka en Matthías notaði ekki farsíma, engin kreditkort og átti fáa sem enga vini, það var því nær ómögulegt að rekja ferðir hans.

„Rússajeppi sem talinn er tilheyra Matthíasi Þórarinssyni sem leitað hefur verið síðan á mánudaginn, fannst brunninn til kaldra kola á fimmtudag skammt frá malarnámum á Kjalarnesi. Matthías var ekki í bílnum og þar var heldur engar frekari vísbendingar að finna um ferðir hans. Samkvæmt lögreglu er greinilegt að jeppinn brann fyrir nokkru. Ekkert hefur spurst til Matthíasar síðan fyrir jól. Að sögn lögreglu mun hann vera mikill einfari en hefur þó alltaf látið fjölskyldu sína reglulega vita af ferðum sínum. Hann hætti því hins vegar rétt fyrir jól. Talið er hugsanlegt að síðast hafi sést til Matthíasar á Selfossi í vikunni fyrir jól. Þá var hann staddur á Austurvegi á móts við mjólkurbú Flóamanna á leið til austurs. Samkvæmt lögreglu sker Matthías sig töluvert úr hvað klæðaburð varðar og klæðist gjarnan fötum sem hann saumar sjálfur. Þegar sást til hans síðast var hann klæddur í græna úlpu og gallabuxur. Þá er hann oft með svart svokallað buff á höfðinu," sagði í frétt DV árið 2011.

Umfangsmikil leit var gerð í grennd við heimilið en ekkert fannst, nema lyklar Matthíasar sem voru í póstkassa við þjóðveginn á Kjalarnesi.
Móðir Matthíasar telur hann vera á lífi og hafa miðlar sagt henni að hann sé að sinna mikilvægu verkefni erlendis. Hún segir að jafnvel hafi hann farið í svokallað „walkabout" en það þekkist á meðal ástralskra frumbyggja, ungir karlmenn fara þá út í óbyggðir einir síns liðs og tengjast náttúrunni. „Matti er sérvitur og hefur hugrekki til að vera hann sjálfur," sagði móðir Matthíasar í samtali við Vísi árið 2011. Hann átti þó ekki vegabréf og samkvæmt farþegalistum úr Leifstöð og Norrænu fór hann ekki úr landi. Matthíasar er enn saknað.

„Ekkert hefur spurst til Matthíasar Þórarinssonar síðan rétt fyrir jól 2010. Matthíasi var lýst sem sérlunduðum einfara sem bjó í gömlum Rússajeppa. Jeppinn fannst í janúar 2011, brunninn skammt frá malarnámum á Kjalarnesi. Matthías var ekki í bílnum og engar vísbendingar að finna. Móðir hans, Þórgunnur Jónsdóttir, hefur ekki misst trúna á að hann skili sér. Hún segir erfitt að vita af hverju hann fór en hefur enga trú á að hann hafi viljað binda enda á líf sitt. „Þetta hefur verið erfitt en ég veit að hann kemur," segir Þórgunnur og lýsir syni sínum sem skemmtilegum. Hún segir samband þeirra hafa verið afar gott en hún var nýflutt á Kjalarnes þegar Matthías hvarf. Hann bjó í Rússajeppanum fyrir utan," sagði í upprifjun Fréttablaðsins á málinu þann 16. janúar 2016

Teljir þú þig hafa upplýsingar um málið er þér bent á að hafa samband við lögreglu í síma 444-1000.

Heimildir: DV, 14. janúar 2011. Fréttablaðið, 16. janúar 2016. Visir. Saknað - Íslensk mannshvörf eftir Bjarka H. Hall, 2019.



Helgarpistillinn
Lára Garðarsdóttir



Liðlega fertug kona óskar eftir makalegum karlmanni

Mér bárust smáskilaboð frá kærasta mínum í sumar - ansi afdráttarlaus. Skilaboðin innihéldu þær upplýsingar að sambandið væri endanlegt.is og ég ætti eftir að maka mig þangað til ég dræpist ein. - Átz.

Mér var skilað. Svo núna stend ég á tímamótum í lífinu. Í einhverjar vikur leyfði ég hjartanu að blæða en svo kom tímapunkturinn að ég dröslaði mér á „endurvinnsluna". Kannski einhver þarna úti geti notað mig. (pun intended) Ég downloadaði appinu og gamla dósin rúllar nú eftir Tinder-færibandinu.

Tinder er stúdía - eitthvað sem mannfræðingar ættu að hafa gaman að. Þar leynist aragrúi af fólki í alls kyns stærðum og gerðum. Allir sameinaðir um að dæma hvert annað á útlitinu einu og sér. Allt í nafni ástarinnar.

Ég er gagnkynhneigð svo hjá mér er framboðið lítið nema karlmenn. Í einhverjum tilfellum - og oftar en ég hefði haldið birtist prófíll sem er gerður af pari sem óskar eftir þriðja aðila í einhvers konar athafnir. Sjaldnast fylgja myndir af fólkinu, heldur kannski ein brjóstaskora eða skuggamynd sem tekin hefur verið af netinu.

Kannski er ég svona gamaldags en ég velti því fyrir mér hversu mörg „mötch" svona einstaklingar fá.

Ég hef lítið innsæi inn í hvers lags þversnið af íslenskum konum leynist þar inni þó ég hafi af því fregnir að önnur hver þeirra er alla vegana með eitt af eftirtöldu:

•*Rassamynd*
•*Oddhvassar augabrúnir*
•*Útskrifuð frá Snyrtiakademíunni*
Ég hef drepið ófáa tímana þarna inni. Eftirtektarvert finnst mér hversu misvel karlmenn eldast. Sumir líta ævinlega unglegir út á meðan aðrir mættu alveg kynna sér úrvalið af kremum og krukkum af Q10. - Kannski eru þeir unglegu bara með eldgamlar myndir af sér?

Áberandi er einnig hjarðhegðunin en oftar en ekki eru myndir af karlmönnum uppdúðuðum haldandi á einhverri tegund af dauðum fiski, sem þeir teygja í átt að víðlinsu myndavélarinnar. Sjálfri þykja mér þessar myndir jafnspennandi og nautahakksauglýsingar hjá matvöruverslunum.

Margir hverjir eru töffarar, stilla sér upp hjá bílunum sínum eða einhverju öðru dýru dóti. Taka speglasjálfur svo það sjáist að þeir eiga nýjustu týpuna af iPhone. Láta glitta í feitt úr eða glenna sig með Rayban-sólgleraugu. Já, ræðum aðeins sólgleraugun - Á öllum myndum? Plís, lofið áhugasömum að sjá hvort það vanti kannski í þig eins og eitt eða bæði augun. Nógu margir passa að sýna mergð mynda af magavöðvunum. Í alvörunni?

En það er nákvæmlega þetta sem gerir það að verkum að ég fyllist vonleysis á Tinder. Dauði laxinn á ekki eftir að slá á hungur ástarinnar. Magavöðvarnir gagnast sambandinu ekki rass og Rayban-sólgleraugun eiga ævinlega eftir að skyggja á.

Ég sakna þeirra gömlu góðu daga þar sem ég varð skotin í strák sem ég æfði með eða kynntist í gegnum eitthvað félagsstarf. Ég sakna þess að hrúgast um á vídjó-kvöldi í félagsmiðstöðinni og laumuleiða einn undir púða svo enginn sæi. Ég sakna þess að vera samfó heim og enda á spjalli undir staur langt fram á nótt.

Hvernig væri að við hentum í eitt gott sveitaball fyrir einhleypa, svo ég drepist ekki ein. Og væri ekki við hæfi að halda það í húsi Endurvinnslunar?

woolroom



HEILNÆMAR OG LÍFRÆNAR ULLARSVEFNVÖRUR.

Flestir þekkja frábæra eiginleika ullarinnar í útivistarfatnaði og getum við nú notið yfirburða hennar í svefnvörum líka.

Ullin hitar í kulda og kælir í hita. Lífræn yndisleg bómull umlykur svo allar okkar ullarvörur.

Allar ullardýnurnar okkar eru sérframleiddar í þeirri stærð sem óskað er, svo að þér gefist kostur á að nýta áfram eiginn rúmbotn t.d.

Ullardýnur, ullarkoddar, ullarsængur, ullarhlífðarlök, ullarmjúktoppar og lífræn sængurverasett.

Barna- ullardýnur, ullarkoddar, ullarsængur, ullarhlífðarlök og lífræn sængurverasett.

ENDURVINNANLEGT, ENDURNÝTANLEGT, HEILNÆMT OG LÍFRÆNT ER OKKAR HJARTANS MÁL!

www.woolroom.is | S:777-1333

Þráði að verða ósigrandi eins og þær



Ég var 18 ára gömul þegar ég sóttist eftir vinnu sem var í huga mínum mjög spennandi og eftirsóknarverð. Ég hafði farið á nektarstað og upplifað konurnar sem unnu þar sem sterkar og ósigrandi og vildi verða eins og þær.

Ég kem af brotnu heimili og var þolandi kynferðisofbeldis og eineltis þannig að það var kannski ekkert skrítið þótt ég hrifist af þessum ótrúlega flottu konum sem voru klæddar eins og drottningar, með blásið hár og seiðandi augnaráð. Ég hafði aldrei séð svona konur áður og í mínum huga virtust þær ósigrandi.

Þær gengu milli borðanna á staðnum og mennirnir slógust um að tala við þær, þeir ýttu að þeim kampavíni og peningum og það eina sem þær gerðu var að tala við þá og þær virtust njóta þess. Svo stigu þær á svið og dönsuðu kynþokkafullt, sveiflandi hárinu og kattliðugar gerðu þær hinar fallegustu æfingar á járnsúlu.
Ég hafði bara aldrei séð neitt þessu líkt og þar með var það ákveðið! Ég skyldi sækja um vinnu og verða nákvæmlega eins og þessar gyðjur. Ég sótti um og fékk vinnuna.

Grét eftir fyrsta skiptið

Dagur eitt: ég steig á svið, fór úr fötunum – tónlistin í botni – graðir karlar á kollum við sviðið, fyrsti 500-kallinn kom fljúgandi en ég var jafn nakin á sviðinu þrátt fyrir hann. Svo kom næsti og næsti og næsti.
Lagið kláraðist, ég tók upp peningana – fór niður í búningsherbergi nakin og brast í grát.
Þetta var alls ekki eins glamúrös og ég taldi, en það versta var búið, áleit ég, næsta skipti yrði ekki eins ömurlegt – og það stóðst.

Ég varð góð í þessu, svo góð að ég var beðin um endurgreiðslu í eitt skiptið eftir að einn karlinn hafði eytt of miklu í mig og átti ekki fyrir jólagjöfum handa börnunum sínum. Það kom mér ekki við og hann hélt heim á leið með hnút í maganum en ég var með hnút á veskinu svo seðlarnir myndi ekki fjúka úr því.

Ég varð einskonar seleb þarna inni og fékk til mín fastakúnna sem elskuðu að sjá mig dansa fyrir sig, bæði á sviði sem og í einkaherberginu, sumir vildu að ég baðaði mig í sturtuklefanum sem var í einu herberginu – aðrir vildu að ég dansaði á þeim og nuddaði mér fram og aftur, upp og niður, aðrir voru með eitthvað skrýtið kink fyrir mat og svo mætti lengi telja.

Þarna upplifði ég í fyrsta sinn frelsi og að ég væri að slá eign minni á eigin líkama eftir áralangt ofbeldi þar sem ég átti ekki líkama minn. Ég upplifði að ég réði hvað ég gerði og hvernig, og elskaði að upplifa að karlmaðurinn væri undir mér og hann væri valdalaus í mínu rými. Þarna inni á staðnum myndaðist sterkur vinahópur þar sem dj-inn, dyraverðirnir og dansararnir héngu saman og þetta varð hálfgerð paradís fyrir litlu brotnu mig – þarna var ég örugg, eða hvað?

Hlustaði ekki á innsæið

Ég var send til að dansa í einkasamkvæmi sem var ekki svo óalgengt og það var góður peningur í því svo við gerðum það með glöðu geði, en andrúmsloftið var einhvern veginn öðruvísi þegar þetta var bókað á mig, ég fann það í beinunum að það var eitthvað skrýtið. Ég ákvað að hlusta ekki á innsæið heldur fór ég ásamt einum af dyravörðunum, á ónefndan veitingastað í borginni. Þar beið hann, karlhelvítið. Hann hafði borgað fyrir að fá að nauðga mér. Dyravörðurinn með mér í för var stór og stæðilegur maður og um leið og hann áttaði sig á hvað væri í vændum, þreif hann undir handlegginn á mér og dró mig frá ógeðinu. Hann gargaði á mig að halda mig fyrir aftan hann á meðan sá sem hafði keypt mig öskraði á okkur bæði að þetta væri frágengið mál – hann væri búinn að borga fyrir þetta. Þarna stóð ég og var aftur orðin litla ég og átti ekki líkama minn, helvítið ætlaði að ræna honum af mér.
En í þetta skiptið tókst honum það ekki – því þarna var loksins kominn verndari. Hann bakkaði með mig út og hafði aldrei augun af þessum manni sem hafði keypt litlu mig til að nauðga. Sem betur fer hafði maðurinn ekki betur og ég slapp – í þetta skipti.

Engu að treysta

Skömmu eftir þetta atvik sat ég í VIP-herberginu með vini þess sama og reyndi að selja mig, að drekka skot sem var keypt dýrum dómum. Það var ósköp notalegt og þessi maður var bara skemmtilegur og virtist alveg öruggur – ég var, að ég hélt, líka örugg inni á vinnustað mínum.

Ég drakk eitt skot, það var gott. Ég tók annað, aftur sama, mjög gott en þriðja skotið var ekki jafnbragðgott og áferðin var heldur ekki sú sama.

Jæja, nú er ég orðin rugluð, hugsaði ég og tók fjórða skotið og það var ofsalega gott. Voða get ég verið ímyndunarveik, taldi ég mér trú um.

BÚMM! Allt í kringum mig fór að allt í einu breytast, mér fannst ég vera komin inn í einhvers konar kúlu þar sem tíminn leið aðeins hægar og ég missti smám saman alla skynjun á líðan mína og allt varð frekar undarlegt.
Ég var send heim í leigubíl, hélt ég, en allt í einu var ég komin inn á heimili mannsins sem ég hafði setið með um kvöldið og drukkið skotin með. Hvað er að gerast? Hvert er ég komin? Hver er hann? hugsaði ég.
Ég var lögð ofan á rúm og hann byrjaði að káfa á mér og kyssa, ég bað hann að hætta en hann hlustaði ekki. Hendurnar á honum voru komnar ofan í buxurnar hjá mér þegar mér varð mjög flökurt. Maðurinn reyndi að leiðbeina mér um hvar klósettið væri en ég ældi um alla íbúðina hans og á meðan dúuðu veggirnir í takt við hjartslátt minn. Það næsta sem ég mundi var að ég var komin út á grasbala á móti heimili hans og leigubíll á leiðinni að sækja mig.
Ég svaf í sólarhring eftir þetta.
Það „góða“ sem kom út úr þessu var að ekki voru gerðar fleiri tilraunir til að selja mig, en þetta braut mig niður.

Í hvert skipti sem ég mætti í vinnuna eftir þetta var ég með hnút í maganum. Það leið ekki langur tími þar til ég hætti og flutti til útlanda. Það er svo önnur lífsreynslusaga – því áföllin virðast elta þau sem vinna ekki úr þeim og ég byrjaði ekki á því fyrr en sex árum eftir þetta. Ég segi ykkur betur frá því seinna ef þið viljið.



Listin

Svava Jónsdóttir



Guðný Jóna Einarsdóttir

Lífsins tré á striganum

Guðný Jóna býr til alls konar heima á striganum þar sem tré eru oftast í aðalhlutverki. „Mörg þeirra verða mjög gömul og að vera í návist þeirra finnst mér fylgja jarðtenging og ró; þau eru eins og gamlir yfirvegaðir ættingjar, ef svo má segja. Að auki hafa trén mikilvægu hlutverki að gegna í vistkerfi jarðar sem eykur lotningu mína fyrir þeim.“ Hún segist mála það sem kallast abstrakt expressionískt. Sterkir litir höfða mest til hennar.

„Ég mála aðallega tré þótt stundum séu viðfangsefnin fuglar og fjöll. Á Gufuskálum þar sem ég bjó í æsku var ekki eitt einasta tré. Þegar ég heimsótti ömmur mínar sem bjuggu annars staðar á landinu varð ég heilluð af trjánum í görðunum hjá þeim. Má segja að þar hafi áhugi minn á trjám vaknað,“ segir Guðný Jóna Einarsdóttir sem fæddist þó í höfuðborginni en ólst upp úti á landi til 12 ára aldurs; fyrst í Neskaupstað og síðan á Gufuskálum.

Hún var um þrítugt þegar hún byrjaði að mála og hefur hún sótt fjölda námskeiða í alls kyns tækni í gegnum árin sem og nokkur námskeið í listfræði við Háskóla Íslands til að auka þekkingu sína á sögu og þróun myndlistar. „Í dag mála ég það sem kallast abstrakt expressioníska og sterkir litir höfða mest til mín.“

Hún segist aðallega mála tré. „Trén eru lungu jarðarinnar og eru í bókstaflegri merkingu lífsins tré. Mörg þeirra verða mjög gömul og að vera í návist þeirra finnst mér fylgja jarðtenging og ró; þau eru eins og gamlir yfirvegaðir ættingjar, ef svo má segja. Að auki hafa trén mikilvægu hlutverki að gegna í vistkerfi jarðar sem eykur lotningu mína fyrir þeim.“







Aðstæður og hughrif

Guðný Jóna notar aðallega olíu og málar á stóra striga við listsköpunina. „Ég fæ oft hugmyndir að myndum eftir að ég loka augunum fyrir svefninn sem er góður tími til að láta ímyndunaraflið leika lausum hala. Stundum nota ég ljósmyndir sem ég tek sjálf eða jafnvel myndir sem finna má á internetinu sem fyrirmyndir. Slíkar myndir eru þó oftast aðeins til viðmiðunar hvað varðar grunnútfærsluna. Litir, breytt lýsing og fleira magna síðan upp stemninguna. Hvað ráði því hvernig myndin endar er erfitt að segja til um. Þar kemur væntanlega til einhver hugmynd sem ómögulegt er að segja til um hvernig kviknar."

Tónlistin getur haft áhrif þegar hún málar. Hún málar ekki í þögn heldur hlustar hún oft á tónlist. Þar má nefna popp og rokk. David Bowie. Bruce Springsteen. Tracy Chapman. Queen. „Litir hreyfa við fólki eins og tónlist."





Hún vill að myndirnar kalli fram einhver áhrif svo sem að áhorfandinn horfi á tré með nýjum hætti og sé ef til vill svolítið dreginn inn í myndina. „Áhorfandinn getur þannig mögulega upplifað eitthvað nýtt, eitthvað sem kveikir í skilningarvitum hans ef maður reynir að vera háfleygur.“

Hún segir sterka litir höfða mest til sín. „Þó að ég hafi dálæti á ákveðnum litum er þetta ef til vill eins og með tónlistina; stundum vill maður hlusta á eitthvað rólegt og sætt en á öðrum tímum eitthvað meira krassandi. Stundum reyni ég að blanda þessu saman í einni og sömu myndinni. Litavalið er á sama hátt háð aðstæðum og hughrifunum í hvert eitt sinn. Stundum ákveð ég fyrir fram að ákveðinn litur skuli vera í mynd, í raun áður en allt annað er ákveðið. Uppáhaldslitirnir hjá mér núna eru túrkis, gulur og bleikur.“



Vandræðagangur
Ritstjórn

Ófarir annarra!



Fátt gleður meira en ófarir annarra og við þekkjum þónokkra aðila sem hafa unnið sér inn ást og virðingu samferðafólks en er til í að hætta henni með því að segja okkur frá vandræðalegum uppákomum, klaufaskap, misskilningi eða öðru því sem færir lesendum okkar smá hlátur inn í gráan hversdaginn nú þegar haustar að.



Hinn hálfíslenski Kristof Magnússon gerir það gott í Þýskalandi sem rithöfundur og leikritaskáld auk þess sem hann þýskar bækur íslenskra höfunda, allt frá fornsögum til vinsælustu höfunda nútímans. Kristof er virðuleikinn uppmálaður ... oftast. Kristof deilir með okkur hrakfarasögu frá Bókmenntahátíð Reykjavíkur fyrir nokkrum árum.

Þetta gerðist á bókmenntahátíð í Reykjavík fyrir rúmlega 15 árum. Nýbúið var að tilkynna að Ísland yrði heiðursgestur á Bókamessunni miklu í Frankfurt og til að undirbúa þetta og rækta og efla gömul tengsl og mynda ný hafði fjölmörgu bókmenntafólki verið boðið frá Þýskalandi. Það voru forleggjarar, ritstjórar og gagnrýnendur. Mörg þeirra höfðu ekki komið til Íslands áður svo að þeim kom auðvitað margt á óvart sem var öðruvísi á Íslandi, þau voru sífellt undrandi á því hvað dekkin og jepparnir voru stærri en aftur á móti hestarnir minni og hvað sandurinn er svartur á mörgum stöðum.

En Ísland var ekki eitt um að vekja athygli, ég fékk meira en minn skerf af henni. Ég hef vanist því að þýskir miðlar setji sig í samband við mig þegar þá vantar einhvern til að kasta ljósi á þjóðarsálina og þá mæti ég og útskýri eitt og annað, enda að hálfu íslenskur.

Í tilefni bókmenntahátíðar var ég mættur til að spjalla við einn áhrifamesta bókmenntagagnrýnanda Þýskalands og einn stærsta bókaútgefandann einnig. Gagnrýnandinn, eða slátrarinn, mætti segja, hafði einmitt tætt tvær bóka minna í sig og útgefandinn hafnað þeirri þriðju. Þau tvö teljast sem sagt seint til aðdáenda minna en nú var annað upp á teningnum því þau hengdu sig á mig í tilefni af Bókamessunni þar sem Ísland átti að vera í forgrunni.

Nú töldu þau mig heldur betur hafa eitthvað fram að færa og hlustuðu á mig básúna um land elds og ísa út í eitt, bæði í sögulegu og djammtengdu samhengi. David Attenbourogh hefði ekki vakið meiri áhuga þeirra þótt hann hefði uppgötvað vængjaðan ísbjörn.

Allt þetta þótti þeim auðvitað skemmtilega framandi ... en það var líka eitt sem kom þeim á óvart en þótti hvorki skemmtilegt né framandi, það var verðið á áfenginu. Ég varði þremur kvöldum með þessum landsþekktu þýsku kanónum á bar bókmenntahátíðar í lðnó á efri hæðinni. Við drukkum ekkert nema vodka með appelsínusafa, screwdriver sem þeim fannst voða góður eins og allt á hátíðinni; andrúmsloftið, bókmenntamenningin og svona ... þau splæstu screwdriver á alla íslenska höfunda sem þau vildu mögulega taka viðtal við eða munstra á samning ...
Þangað til útgefendanum tókst loksins að gera sér grein fyrir því að þessi gjaldmiðill með öllum þessum mörgu núllum var ekki bara brandari ... og að við vorum búin að eyða alveg stórfé þarna á þessum þremur kvöldum og fram á nótt.
„Kristof, gerði ég mistök við að reikna þetta út? Eða erum við búin að eyða svona miklum peningum í vodka og apelsínusafa?“ spurði hún. „Nein. Nei, nei, ég held að þetta sé nokkuð rétt hjá þér,“ sagði ég. „Vá,“ sagði gagnrýnandinn.
„Við hefðum getað keypt okkur notaðan Volkswagen Polo fyrir þennan pening.“
„Gott ef ekki Volkswagen Golf,“ sagði útgefandinn.
„Ég var að lesa að allt væri dýrt á Íslandi og áfengi mest af öllu,“ sagði gagnrýnandinn. „En það er ekki dýrt, það er ...“ og ég upplifði í fyrsta skipti bókmenntagagnrýnanda sem var orða vant.

Ég reyndi að Attenbourogh-a mig í gegnum þetta og kokka upp sögulegar ástæður fyrir þessu verðlagi, gerði hvað ég gat til að réttlæta ósköpin þegar útgefandinn stoppaði mig af: „En það er örugglega bara eitthvað sem heimskir túristar eins og við gerum ... það hlýtur að vera eitthvað bragð, svona „local knowledge“ til að borga ekki eins mikið á djamminu?“ spurði hún.
„Ekkert sem ég veit um,“ sagði ég. Það eina sem mér datt í hug var að bíða eftir nýju kortatímabili ...
„Æi,“ sagði útgefandinn. „Þú vilt bara ekki segja okkur.“
Ég ætlaði sko ekki að láta þau koma að tómum kofanum hjá mér, þarna kom tækifærið til að skora stórt hjá þessum drykkfelldu bókmenntarisum, ég varð að koma upp með eitthvað til að vinna hug og hjörtu þeirra, upp á framtíð mína að gera.
„Heyrið þið. Það er reyndar eitt sem við getum gert,“ sagði ég.
Þau sperrtu eyrun.
„Þið keyptuð Absolut-flösku í fríhöfninni, ekki satt? Við skulum smygla henni inn í kvöld og laumast til að staupa okkur úr henni af og til.“
Þau stukku á þessa snilldarlausn.
Gagnrýnandinn sem aldrei hafði haft neitt gott um mig að segja horfði á mig glaseygður og gekkst við því að hann ætti fullvaxna óopnaða Absolut-flösku úr fríhöfninni og sagðist vera stoltur af mér fyrir íslensku uppátektarsemina sem og þýska verkfræði mína eftir að ég útskýrði hvernig við færum að því að „ölva okkur upp“ fyrir lítið fé.

Ef ég hef einhvern tíma átt á hættu að ofmetnast var það á þessu augnabliki þegar útgefandinn ljómaði við að sjá mig og hvíslaði hlæjandi í eyra mér. „Flaskan er á bak við sófann þarna,“ og hún skríkti eins og skólastelpa, var yfir sig spennt og átti bágt með sig. „Við vorum að mæta, hún er vel falin og enginn sá neitt,“ sagði hún.
„Sko, svona fara Íslendingar að þessu,“ sagði ég, allt í einu orðinn fullnuma lygalaupur, sjálfútskrifaður og sæll. Gagnrýnandinn brosti svo blíðlega til mín sem var alveg nýtt fyrir mér, er bara ekki týpan sem brosir og ég get fullyrt að Jón Viðar er uppistandari í samanburðinum. Ég var alsæll á þessu augnabliki þar sem andi minn maríneraðist í þessari velþóknun þeirra tveggja.

Gagnrýnandinn tók að sér að kaupa blandið og gekk kokhraustur að barnum og pantaði sex glös af appelsínusafa af barþjóninum sem hafði kvöldið áður afgreitt hann um heildsölubirgðir af vodka í appelsínusafa kvöldið áður.

Dúettinn taldi okkur vera að fremja hinn fullkomna glæp en barþjónninn var skarpur og úrræðagóður eins og títt er um íslenska þjóna og beið ekki eftir því að nappa okkur við blöndun í sófanum, hann stökk af stað og tók snöggan hring um salinn og eins og tollvörður á kókaíni fann hann smyglið á innan við hálfri mínútu.
Þjónninn stimamjúki gerði gripinn upptækan og skellti upp í hillu innan barsins og þetta kvöldið drukkum við vodka í appelsínusafa sem okkur var seldur á fullu verði, þrátt fyrir að við hefðum komið með helming hráefnisins sjálf.

Ég vil taka það fram að þau tvö elska Ísland eftir heimsóknina og íslensk skáld, nema það hálfa, því ég er ekki frá því að dómar um mín verk af hendi gagnrýnandans sem tapaði Absolut-flöskunni hafi jafnvel verið harðorðari árin eftir þetta og til dagsins í dag.





Guðríður Haraldsdóttir, einnig þekkt sem Kaffi Gurrí, hefur um árabil skrifað í tímarit, blogg og fyrir þá sem muna lengra þá fór hún á kostum í útvarpi eftir að það var fundið upp. Guðríður er virðuleg húsfrú á Akranesi í dag og er þekkt þar fyrir að sýna af sér þokka og virðulegheit, en það er ekki þar með sagt að hún geti ekki hlaupið á sig!

„Fyrir mörgum árum bjó ég í Vesturbænum í Reykjavík og þurfti að ganga upp Hofsvallagötu á leið minni til vinnu. Einn veturinn fór ég að taka eftir bláum bíl sem var lagt upp á gangstétt skammt fyrir ofan sjoppuna Gerplu og vídeóleiguna á Sólvallagötuhornnu. Í bílnum sat maður sem mér fór að þykja grunsamlegur og grunur minn um eitthvað misjafnt jókst jafnt og þétt. Um hvern var hann að njósna, var hann eltihrellir? Svo þegar samstarfskona mín sagðist hafa séð hann fara út úr bílnum og tala við lítinn dreng varð ég fyrst áhyggjufull. Ég ákvað að hringja í rannsóknarlögregluna sem þá var til húsa í Kópavogi. Góða fólkið þar beindi mér að lögreglunni í Reykjavík sem tók erindi mínu vel og ætlaði að kanna málið. Ekkert gerðist samt og áfram sat maðurinn í bílnum. Einn föstudaginn kom ég við í vídeóleigunni til að ná mér í mynd fyrir kvöldið. Ég kannaðist aðeins við stúlkuna sem afgreiddi þar svo ég spurði hana hvort hún kannaðist eitthvað við manninn í bláa bílnum.
Hún varð skrítin á svip og sagði eftir smáhik: „Ja, ég var komin á fremsta hlunn með að hringja í lögregluna þegar ég komst að því að hann er nú bara gangbrautavörður fyrir Vesturbæjarskóla og hjálpar börnum yfir Hofsvallagötu.“
Þetta barst til eyrna þáverandi skólastýru Vesturbæjarskóla sem lét manninn vera í gulu vesti það sem eftir lifði vetrar.
Eftir þessa reynslu mun ég ekki þora að hreyfa legg eða lið þótt ég verði vitni að einhverju hræðilegu. Það gæti verið gangbrautarvörður.“



Guðmundur Sigurðsson, organisti í Hafnarfjarðarkirkju er eins og hin í þessum lið, löðrandi í virðulegheitum en þrátt fyrir króníska fullkomnun getur jafnvel honum orðið á.

Tónlistarheimurinn er þjakaður af fullkomnunarárattu og ótta við mistök. Ekkert má fara úrskeiðis, þá er allt ónýtt. Fyrir fullkomnunarsinna í þessum heimi er þetta blanda af himnaríki og helvíti. Feilnótur og ónákvæmni eru pyntingatæki og fullkomnun sem sjaldan næst, er alsæla. Í tónlistarnámi lenda nemendur í alls kyns raunum í þessu miskunnarleysi. Vandræðalegasta upplifun mín hingað til í náminu tengist þó ekki eigin spilamennsku (þótt þar séu sannarlega til vandræðaleg augnablik), heldur að fletta nótum og aðstoða við raddstillingar á stóru pípuorgeli sem leikið var á, kallað að „registrera".

Þjáningar flettara og registranta fyrir hrokafulla einleikara eru ófædd Me-Too-bylting og kannski fer hún af stað eftir þennan pistil. Á umræddum tónleikum lék alþjóðlega viðurkennd stjarna með nefið upp í loftið. Takmarkaður tími gafst til æfinga en á einu æfingunni voru allar flettingar ónákvæmar, að mati stjörnunnar, staðið var vitlaust við hljóðfærið, endurtaka þurfti margt aftur og aftur með tilheyrandi geðvonsku einleikarans. Ýtt var ýmist of fljótt eða seint á raddbreytingatakkana, blýanturinn ekki nógu vel yddaður, kaffið í kirkjunni vont og ryksuga kirkjuvarðarins útheimti öskur manns sem helst hefði þurft flýtimeðferð í 12 spora-samtökum. Að lokinni æfingu gafst góður tími til að kvíða tónleikunum mjög mikið og sofa lítið. En yfir mig kom óvænt orka og ég mætti í miklu stuði í nýpressuðum jakkafötum og ákvað að þetta yrði mikill sigur á flettaraferlinum. Nú yrði gaman!

Allt gekk yfir meðallagi fram að frumflutningi nútímaverks þar sem nánast allt fór úrskeiðis. Ég ýtti á rangan takka og næstum slökkti á orgelinu, rangar raddir hljómuðu á fyrsta hljómi og út allt verkið, flettingar voru yfirleitt seinar því það þurfti að fletta með annarri hendi og ýta á raddbreytingatakka með hinni auk þess sem þurfti að reyna að laga raddvalið meðan á flutningnum stóð. Toppinum var þó náð þegar ég rak mig í nóturnar og feykti tveimur blöðum nýja verksins niður á gólf. Flettarinn hentist niður til að sækja hin horfnu blöð og raða í örvæntingu á statífið. Þetta hryllingsástand tók loks enda, meistarinn nánast alsturlaður af reiði og ég frosinn af skelfingu. Allt var ónýtt. Tónlistin sem mér var sagt að ætti að sameina mannkynið og gefa öllum svo mikla gleði, var þarna á pari við súrsaða selshreifa eða blásýruhylki. Hin göfuga stjarna strunsaði í móttökusalinn til að taka við lofi aðdáenda sinna en viti menn: Mesta lofið fékk flutningur hans á nútímaverkinu sem aðdáendaklúbbur hans sagði einstaka upplifun og hápunkt tónleikanna. Og sér í lagi hafi raddval meistarans fyrir tónverkið verið einstaklega vel heppnað. Kjálkavöðvar stjörnunnar nánast slitnuðu í sundur en hann gat þess við aðdáendur sína að hann hefði haft sérstaka ánægju af því að velja raddir fyrir þetta verk. Að lokinni móttöku afhenti stjarnan mér efnisskrá tónleikanna með eiginhandaráritun og ég bauð góða nótt, yfirgaf vettvanginn og lýsti endanlegu frati á það ofbeldi sem fullkomnunarárátta og ótti við mistök eru í tónlistarheiminum.

CBD *RVK

CBD REYKJAVÍK

Kraftur náttúrunnar í hverjum dropa

cbdrvk.is





Hið rómaða veitingahús **Nauthóll** brást vel við ósk okkar um að fá uppskrift að aðal- og eftirrétti frá **Lísu Luong**, en hún lærði einmitt á Nauthóli en er nú með röggsemi og hugmyndaauðgi búin að tryggja sér yfirmannsstöðu á Nauthóli auk aðdáunar og væntumþykju sælkera sem sækja Nauthól heim.



Grillaðar lamba T-bone-steikur

með ristuðu rótargrænmeti, tómat- og hvítlauks-confit og rósmarínsoðgljáa

fyrir u. þ. b. 4

1 kg lamba-T-bone

Marinerið kjötið (sjá uppskrift að marineringu) og grillið. Smyrjið með kryddsmjöri.

Marinering
50 ml sojasósa
50 g púðursykur
5 g engifer
2 geirar hvítlaukur

Blandið öllu saman í blandara og hellið síðan yfir kjötið.

Kryddsmjör
250 g smjör, mjúkt
50 ml olía
½ geiri hvítlaukur
15 g tómatmauk (purée)
5 ml Worchestershire-sósa
1 tsk. svartur pipar
1 tsk. salt
½ búnt graslaukur
3 stilkar timían
½ stilkur rósmarín

Saxið kryddjurtir, og blandið öllu saman í blandara nema smjöri og graslauk. Hrærið síðan blönduna saman við mjúkt ssmjörið og graslaukinn.

Tómat- og hvítlauks-confit
250 g tómatar
3 stilkar timían
1 geiri hvítlaukur
15 ml olía
salt

Skerið tómata, hvern í 4-6 báta, og hvítlaukinn í þunnar skífur. Blandið öllu saman og bakið við 120°C í 30-40 mínútur.

Rósmarínsósa
3 laukar
2 geirar hvítlaukur
svört piparkorn
2 stilkar rósmarín
100 ml púrtvín
400 ml rauðvín
2 l nautasoð
1 l kjúklingasoð

Skerið niður lauk og hvítlauk, steikið við vægan hita í potti með smávegis olíu og piparkornum út í. Eldið þar til laukurinn verður glær en án þess að hann brúnist. Hellið víninu í pottinn og sjóðið niður um helming. Setjið þar á eftir soðið og sjóðið það einnig niður. Látið rósmaríngrein út í að síðustu og leyfið greininni að vera í pottinum í smástund til að fá rósmarínbragðið í sósuna. Sigtið sósuna og hrærið út í hana köldu smjöri, ef vill.

Ristað rótargrænmeti
4 gulrætur
2 stk. steinseljurót

Skerið grænmetið í stilka, hellið leginum (sjá uppskrift) yfir og bakið við 160°C þar til það verður gullinbrúnt að lit.

Lögur yfir grænmetið
40 ml sojasósa
5 ml hunang
20 ml appelsínusafi
2 greinar timían
1 geiri hvítlaukur, pressaður

Blandið öllu saman.

Hvítsúkkulaði-skyrkrem
með ferskum berjum, stökkum höfrum og jarðarberja-sorbet

Hvítsúkkulaði-skyrkrem
300 ml rjómi
300 g hvítt súkkulaði
300 g skyr

Hitið rjóma og látið súkkulaðið út í, hrærið saman þar til súkkulaðið hefur bráðnað. Hrærið skyrið saman við.

Jarðarberja-sorbet
725 g jarðarber, frosin
safi úr 1 sítrónu
3 dl vatn
200 g sykur
4 msk. glúkósasíróp

Sjóðið saman jarðarber, vatn, sykur og sítrónusafa, setjið glúkósann síðast út í og setjið í blandara. Sigtið og kælið. Setjið í ísvél og frystið.

Stökkir hafrar
75 g hafrar
1 msk. hunang
5 g smjör
sjávarsalt

Ristið hafrana á þurri pönnu þar til þeir eru gylltir og stökkir. Bætið þá við hunangi, smjöri og sjávarsalti og hrærið vel á meðan í 2-3 mínútur. Hellið svo á bökunarpappír og kælið.

Setjið skyrkremið á disk og fersk ber yfir, síðan jarðarberja-sorbet og að síðustu stökku hafrana.





Sextíu og níu árum seinna erum við fjölskyldan enn að sinna því sama, þó sú danska sé löngu horfin á vit feðra sinna.

Komdu með viðkvæma fatnaðinn, leðrið, rúskinnið ... og hatt ef þú átt.

Líkt og afi sagði „Við hreinsum allt nema kuskið af hvítflibbanum"

EFNALAUGIN BJÖRG
Álfabakka 12 Sími 557 2400
MJÓDD



Síðast, en ekki síst

Svanur Már Snorrason

Kalli verður kóngur góður



Ég tek það strax fram að ég fyrirlít kónga, drottningar, prinsessur og prinsa; en verð að sætta mig að þetta sjúka pakk sem „fæðist“ sem eitthvað sem er „meira og betra“ en venjulegt fólk - almenningur - þeir sem bera uppi öll samfélög heimsins.

Þetta fólk er á engan hátt betra en ég, hvað þá þú. Ég hef á minni skrautlegu ævi gert meira af viti og af áhuga og metnaði en þessir hálfsofandi dekurmaurar sem ekkert gera fyrir samfélag þeirra annað en að gera þau fátækari.

Burt með allt þetta pakk; finnum þeim vinnu á elliheimilum; í Sorpu eða á kassa í Krambúðinni í Njarðvík. Eða á álíka vinnustöðum í samfélögum sínum sem passa við það sem ég var að skrifa.

Djöfull hefði þetta drasl migið og skitið í buxurnar yfir yfirgripsmikilli vankunnáttu þeirra á að dæla bensíni eða sinna afgreiðslustörfum á McDonalds; en engar áhyggjur; þjónar þeirra myndu þrífa upp hlandið og saurinn. Þetta lið verður aldrei stoppað úr þessu. En reyndar er ekki sniðugt að nota endanleg orð eins og alltaf og aldrei; því þau meika engan sens, og hananú!

Eina sem kóngarusl og drottningarhyski gerir er að sjúga til sín peninga svo líf þess verði bærilegt; að þess mati; en allt þess líf snýst um meiri peninga og svo meiri peninga. Þetta eru algjörlega ódrepandi vampírur sem sjúga megnið af blóðinu úr því samfélagi sem það lifir í; og fólk er hrifið af þessu! Hvað er að? Af hverju viðgengst þetta ennþá árið 2022, þar sem ein fokking jarðarför kostaði trilljónir og einnig nokkrar zilljónir; komm on - enginn er svona merkilegur, og verður aldrei.

Ég skal þó viðurkenna að ég hef alltaf verið nett swag fyrir Karli prinsi af Wales; nú Karl III. konungur Bretlands.

Hann var kvennabósi og gleðimaður; kunni svo sannarlega að skemmta sér um víða veröld. Hann var kurteis, en hann kom oft til Íslands á sínum til að veiða. Dvaldi hann gjarnan á Hótel Loftleiðum - sem ég man ekki hvað heitir í dag.

Mamma mín vann þarna á árunum í kringum 1970 og til ársins 1979. Hún sá prinsinn nokkrum sinnum og var hann að hennar sögn kurteis og hæglátur; en nokkrum sinnum var einhver kona með í för, sem mamma vissi ekkert hver var fyrr en löngu síðar. Þið megið giska.

Ég er á þeirri skoðun að dónalegt, afskiptasamt og fordómafullt fólk megi fara fjandans til; og er ég ekki bara að tala um kónga, drottningar, prinsa eða prinsessur; bara slíkt fólk almennt séð. Vildi bara koma því að; nei,reyndar hata ég afskiptasamt fólk innilega - meira en að lenda í öðru sæti í Gettu betur árið 1991.

En Karl III. var ekki og er ekki þannig og þó hann hafi sýnt smá reiðitakta og verið filmaður nýverið gefur það ekki góða mynd af honum; hann er rólegur maður og vel gefinn. Hann vildi og mun breyta bresku krúninni; minnka formlegheitin, grimmdina, og hafa meira gaman af lífinu, en það var nú ekki sterkasta hlið móður hans, hinnar nýlátnu Elísabetar II.

Hún var mjög andsnúin breytingartillögum Karls III. sem vildi verða og mun verða miklu meiri alþýðumaður; með mun meiri tengsl við almenning í landinu en móðir hans heitinn hafði - sem var köld og grimm í mannlegum samskiptum og þá sérstaklega við þá sem hefðu átt að vera henni kærastir; hugsaði meira og betur um sig sjálfa og mann sinn en börn þeirra. Sérstaklega Karl III. sem var frumburður hennar og því alinn upp til þess að verða kóngur þegar sú gamla gæfi upp öndina. Sorglegt.

Þó ég sé algjörlega mótfallinn þeirri hugmynd að einhver fæðist í eitthvað hlutverk í stað þess að vinna sér inn virðingu og leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins annað en að veifa pempíulega í bíl sem þýtur framhjá þrusuheimskum lýð sem enn dáir og dýrkar bresku konungsfjölskylduna, en lýður þessi var og er auðlind bresku krúnunnar sem tók mikið til sín og gaf ekkert til baka - þá ber ég virðingu fyrir einstaklingnum Karli III.

Hann var þvingaður í hjónaband með Díönu prinsessu þegar hans sanna ást í lífinu var Camilla-Parker Bowles. Hann sleit aldrei sambandi sínu við Camillu, og þegar Karl III. og Díana prinsessa skildu varð Camilla hans lífsförunautur. Lifi ástin!

Karl III. verður kóngur góður - það veit ég, ef ég eitthvað veit. Langt er síðan konungur var við völd sem bar þetta nafn, Karl. Tveir konungar báru nafnið Karl, feðgarnir Karl I. sem grimmdarseggurinn Oliver Cromwell lét myrða, en sonur Karls I, Karl II, náði að flýja til Frakklands, þar sem hann bjó ásamt móður sinni eftir dauða Karls I. Hann sneri síðan úr útlegðinni þegar Cromwell geispaði golunni og búið var að koma honum í holuna eilífu.

Báðir kóngarnir, Karl I. og þó sérstaklega sonur hans, Karl II. þóttu með allra bestu konungum sem Bretland hefur átt. Og hafa Bretarnir ekki átt marga góða kónga - þetta voru meira og minna vitfirringar með útþynnt blóð sem héldu að þeir væru með blátt blóð. Svo var ekki.

Í ljósi þess hverju góðir feðgarnir sem báru nafnið Karl voru sem konungar leyfi ég mér að halda því fram að nú heimsæki fortíðin nútímann í Karli III. Hann á eftir að standa sig janfvel eða betur en feðgarnir frá fortíðinni og gera góðar breytingar á stífu og steingeldu krúninni. Og hann mun skila af sér krúnunni þannig að auðvelt verður fyrir frumburð hans, Vilhjám, að taka við henni.

En leyfum Kalla kóngi hinum þriðja að njóta sín þessi ár sem hann á eftir, en kappinn er orðinn nokkuð gamall - verður 74 ára í nóvember.

Kalli verður kóngur góður.





GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100





